

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Verk- og framkvæmdaáætlun um sjálfsmat

Atli Harðarson  
september 2006



## Efnisyfirlit

|   |   |
|---|---|
| I. Hvers konar sjálfsmatskerfi er notað við Fjölbrautaskóla Vesturlands ..... | 3 |
| II. Meðferð og birting gagna .....  | 4 |
| III. Hvaðan kemur þekking og kunnátta .....                                   | 4 |
| IV. Fræðilegar forsendur matsins og viðmið menntamálaráðuneytisins .....      | 5 |
| V. Niðurstöður - samantekt .....  | 7 |

## Fylgiskjöl

|   |    |
|---|----|
| 1. Markmiðskafli skólanámskrár Fjölbrautaskóla Vesturlands .....  | 11 |
| 2. Matsskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2006 .....  | 13 |
| 3. Mat og námskrárgerð við Fjölbrautaskóla Vesturlands – sögulegt yfirlit .....   | 39 |
| 4. Mat á kennslu við Fjölbrautaskóla Vesturlands – Tillögur starfshóps um innra mat skólaárið 2005 til 2006 .....   | 43 |
| 5. Þýðing á Viðmiðum fyrir sjálfsmat (Guidelines for self-evaluation) úr ritinu <i>Guidelines for good practice in evaluation</i> (2004) sem gefið er út af bresku matssamtökunum (United Kingdom Evaluation Society) ..... | 49 |



## I. Hvers konar sjálfsmatskerfi er notað við Fjölbrautaskóla Vesturlands

Allir þættir í starfi skólans eru metnir með kerfisbundum hætti. Til þess er notað matskerfi sem starfsmenn skólans hafa sjálfir þróað. Í fylgiskjali 3 er sagt í stuttu máli frá tilurð kerfisins. Lýsingu á því er að finna á vef skólans.<sup>1</sup>

Hver þáttur skólastarfsins er metinn einu sinni á hverju tveggja ára tímabili. Taflan hér að neðan sýnir tímaáætlun fyrir tímabilið frá haustönn 2002 til vorannar 2007.

Exin í reitunum sýna hvaða skýrslur, samantektir eða niðurstöður eiga að liggja fyrir í lok hverrar annar. Þar sem ex er undirstrikað hefur skýrsla þegar birst á vef skólans.

|    |  | Skólaár  |          | 2002-3   |          | 2003-4   |          | 2004-5   |          | 2005-6   |          | 2006-7   |          |
|----|--|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
|    |  | Önn      |          | H02      | V03      | H03      | V04      | H04      | V05      | H05      | V06      | H06      | V07      |
| A. | Matskerfi skal endurskoða á tveggja ára fresti.  |          | <u>X</u> |          |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          |          | X        |
| B. | Matsskýrsla (þar sem niðurstöður mats á einstökum þáttum eru teknar saman og tengdar markmiðum skólastarfsins).          |          |          |          |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          |          | X        |
| C. | Samantekt um mat á stjórn skólans.   |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          |
| D. | Samantekt um mat á starfi kennara.   |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          |
| E. | Samantekt um mat á öðru starfsfólki en kennurum og samskiptum innan skólans.   |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          |
| F. | Mat á stöðu, aðbúnaði, kennslu, námsmati og árangri í einstökum deildum og fögum.  |          |          |          |          |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          | X        |
| G. | Samantekt um mat á húsnæði og aðbúnaði/aðstöðu.  |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          |
| H. | Samantekt um mat á þjónustu skrifstofu, bóksafns, heimavistar, mötuneytis, tölvukerfis.                                  |          |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          |          | <u>X</u> |          |          |
| I. | Samantekt um mat á framkvæmd skólareglna, liðan nemenda, félagslífi, forvörnum, námsráðgjöf, umsjón og aðbúnaði nemenda. |          |          |          |          |          |          | <u>X</u> |          |          |          |          | X        |
| J. | Tölfræðileg yfirlit yfir námsárangur, skólasókn, nemendafjölda. Tekið saman af áfangastjóra.                             | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> |
| K. | Tölfræðileg yfirlit yfir nýtingu á kennslu og brottfall. Tekið saman af aðstoðarskólameistara.                           | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> | <u>X</u> |
| L. | Niðurstöður könnunar meðal útskriftarnema. Skólameistari leggur þessa könnun fyrir í lok hverrar annar.                  |          | <u>X</u> |          | <u>X</u> |          |          | <u>X</u> |          | <u>X</u> |          |          | X        |

<sup>1</sup> <http://www.fva.is> – slóð að skjali [http://www.fva.is/innramat/Innramat\\_verkaetlun.htm](http://www.fva.is/innramat/Innramat_verkaetlun.htm)

Tímaáætlunin hefur staðist fram að þessu að öðru leyti en því að endurskoðun á matskerfi sem fara átti fram á vorönn 2005 tók lengri tíma en ætlað var og henni lauk ekki fyrr en á vorönn 2006.

Nánari lýsingu á hverjum þætti má finna í matsskýrslu skólans fyrir haustönn 2006 (sem er í fylgiskjali 2).

Umsjón með framkvæmd sjálfsmatsins hefur aðstoðarskólameistari en stundum er öðrum falið að annast einstaka verkþætti eins og t.d. mat á yfirstjórn skólans þar sem hæpið er að aðstoðarskólameistari geti komið fram sem óvilhallur matsmaður.

## II. Meðferð og birting gagna

Hluti gagna sem til verða við sjálfsmat skólans eru trúnaðarmál og aðeins birt yfirstjórn skólans (skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra) og þeim starfsmönnum sem í hlut eiga (t.d. starfsfólki mötuneytis þegar um er að ræða mat á þjónustu þess og einstökum kennara þegar um er að ræða mat á kennslu hjá honum).

Gögn sem ekki teljast trúnaðarmál birtast á vef skólans. Samatekt um helstu niðurstöður mats og viðbrögð við þeim birtist í matsskýrslu sem er skrifuð á tveggja ára fresti.

## III. Hvaðan kemur þekking og kunnátta

Aðstoðarskólameistari sem annast framkvæmd matsins hefur numið matsfræði með því að taka tvö fimm eininga námskeið um efnið við Háskóla Íslands.<sup>2</sup> Skólinn hefur einnig nýtt sér reynslu annarra skóla og sérfræðiþekkingu úr ýmsum áttum. Sem dæmi má taka að dr. Sigurlína Davíðsdóttir frá Háskóla Íslands hefur komið á þrjá almenna kennarafundi og rætt við kennara um mat á kennslu og vinnubrögð við það. Ennfremur var haldinn hálf dags fundur við skólann þann 1. mars 2006 þar sem saman komu kennarar og stjórnendur sem vinna við innra mat við Fjölbrautaskóla Vesturlands, Menntaskólann á Akureyri, Menntaskólann við Hamrahlíð og Flensborgarskólann í Hafnarfirði ásamt tveim sérfræðingum frá Háskóla Íslands, dr. Sigurlínu Davíðsdóttur og dr. Penelope Lisi. Einnig hafa stjórnendur skólans haft samráð og samvinnu við

---

<sup>2</sup> Þetta eru námskeiðin Skólaþróun og sjálfsmat (10.53.11) sem dr. Hafdís Ingvarsdóttir kenndi og Mat á skólastarfi (10.53.10) sem dr. Sigurlína Davíðsdóttir kenndi.

stjórnendur í Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

#### IV. Fræðilegar forsendur matsins og viðmið menntamálaráðuneytisins

Aðferðafræðin sem notuð hefur verið mat á kennslu (liðir D og F í töflunni á bls. 3) byggir að miklu leyti á lýðræðislegu rökræðumati.<sup>3</sup> Aðferðir við mat á ýmsum þjónustuþáttum (mötuneyti, tölvuþjónustu, bókasafni, námsráðgjöf og öðru sem talið er undir liðum H og I í töflunni á bls. 3) byggja á hefðbundnum spurningalistum. Mat á öðrum þáttum byggir að miklu leyti á heimatilbúinni aðferðafræði. Í sumum tilvikum hefur þó verið farið í smiðju annarra. Matstækið sem notað er til að meta starf stjórnenda (liður C í töflunni á bls. 3) er t.d. fengið frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Við endurskoðun og mótun matsaðferða og framkvæmd mats hefur verið höfð hliðsjón af tíu viðmiðum sem Menntamálaráðuneytið hefur sett fram.<sup>4</sup> Undanfarið ár hefur einnig verið höfð hliðsjón af viðmiðum um sjálfsmat frá bresku matssamtökunum (sjá fylgiskjal 5).

Viðmið menntamálaráðuneytisins fara hér á eftir (skáletruð) ásamt stuttri greinargerð um að hve miklu leyti innra mat við Fjölbrautaskóla Vesturlands uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru.

##### 1. Formlegt

*Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagða aðferð. Gera þarf grein fyrir hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórna verkinu, hverjir vinna það á hverjum tíma og til hverra það nær.*

Lýsing á aðferðum við sjálfsmat liggja frammi á vef skólans og í matsskýrslum sem koma út á tveggja ára fresti. (Sjá fylgiskjal 2.)

<sup>3</sup> Sjá House, Ernest R. og Howe, Kenneth R. (2000) „Deliberative Democratic Evaluation“ bls. 3–12 í Ryan, Katherine E. og DeStefano, Lizanne (ritst.) (2000). *Evaluation as a Democratic Process: Promoting Inclusion, Dialogue, and Deliberation*. San Francisco : Jossey-Bass Publishers.

<sup>4</sup> Þessi viðmið eru sótt í ritið *Niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla 2002-2003–Heildarniðurstöður* sem gefið var út af Menntamálaráðuneytinu í apríl 2004 og liggur frammi á vef ráðuneytisins (slóð að skjali <http://bella.stjr.is/utgafur/sjalfsmatfrhsk.pdf>). Í því sem eftir fer í þessum kafla eru skáletraðar efnisgreinar teknar orðrétt af bls. 10 til 11 í þessu riti.

## 2. *Altækt*

*Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólafarsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.*

Matið tekur til allra helstu þátta skólafarsins. Ekki er þó hægt að fullyrða án fyrirvara að það uppfylli þetta skilyrði því ekki er ljóst hvað átt er við með að matið nái til markmiða, nemenda og ytri tengsla.

## 3. *Áreiðanlegt*

*Mikilvægt er að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölulegum gögnum, en þurfa þá að meta starfsitt með öðrum hætti, eins og viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa, t.d. meðal nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.*

Matið byggir á traustum gögnum, áreiðanlegum mælingum og tölfræðileg úrvinnsla á gögnum fylgir viðurkenndri aðferðafræði.

## 4. *Samstarfsmiðað*

*Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.*

Þessi atriði eru í lagi og allar ákvarðanir um matsaðferðir eru teknar í samráði við þá starfsmenn sem málið varðar, þær eru vel kynntar og verkaskipting er skýr. Þó mætti gera enn betur með því að hafa foreldra og nemendur með í ráðum.

## 5. *Umbótamiðað*

*Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólafarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.*

Þetta er gert í matsskýrslu skólans. (Sjá fylgiskjal 2.)

## 6. *Árangursmiðað*

*Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólafarsfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.*

Enn vantar nokkuð á að viðmið eða markmið um árangur hafi verið skilgreind nógu vel.



### **7. Stofnana- og einstaklingsmiðað**

*Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í samanburði við aðra, t.d. á samræmdum prófum og mat á stjórnun og kennslu.*

Erfitt er að koma við samanburði við aðra skóla því gögn liggja ekki fyrir. Að vísu gengst hluti nemenda undir samræmd próf, þ.e.a.s. þeir sem taka sveinspróf en upplýsingar um árangur á þeim eru ekki aðgengilegar. Hafin er samvinna við Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Snæfellinga með það fyrir augum að skólarnir afli sambærilegra matsgagna og geti þannig borið árangur sinn saman.

### **8. Lýsandi**

*Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt hnitmiðuð lýsing (texti, myndir, töflur) á starfsemi skólans. Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.*

Matsskýrsla skólans hefst á stuttri lýsingu á starfsemi hans. (Sjá fylgiskjal 2.)

### **9. Greinandi**

*Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrk- og veikleikagreiningu, sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og síðan í samantekt í lokin.*

Í matsskýrslu er gerð grein fyrir styrkleika og veikleikum þar sem það á við. (Sjá fylgiskjal 2.)

### **10. Opinbert**

*Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.*

Gerður er skýr greinarmunur á gögnum sem eru trúnaðarmál og gögnum sem eru það ekki og þau síðarnefndu eru öll birt á vef skólans.

## **V. Niðurstöður - samantekt**

Sjálfsmat við Fjölbrautaskóla Vesturlands er í stöðugri þróun. Það uppfyllir nú þegar að mestu leyti viðmið menntamálaráðuneytis og kröfur um góð vinnubrögð við sjálfsmat eins og þær sem settar eru fram í fylgiskjali 5.



# Fjölbrautaskóli Vesturlands

## Fylgiskjöl með Verk- og framkvæmdaáætlun um sjálfsmat

1. Markmiðskafli skólanámskrár Fjölbrautaskóla Vesturlands.
2. Matskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2006.
3. Mat og námskrárgerð við Fjölbrautaskóla Vesturlands – sögulegt yfirlit.
4. Mat á kennslu við Fjölbrautaskóla Vesturlands – Tillögur starfshóps um innra mat skólaárið 2005 til 2006
5. Þýðing á *Viðmiðum fyrir sjálfsmat (Guidelines for self-evaluation)* úr ritinu *Guidelines for good practice in evaluation* (2004) sem gefið er út af bresku matssamtökunum (United Kingdom Evaluation Society).



## Fylgiskjal 1

### Markmiðskaflí skólanámskrár Fjölbrautaskóla Vesturlands

Markmið Fjölbrautaskóla Vesturlands eru að:

1. Koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir. Skólinn er fyrir alla sem vilja stunda nám á framhaldsskólastigi og eru tilbúnir til að leggja sig fram.
2. Hver nemandi finni að velferð hans skipti máli, kennurum og stjórnendum skólans þyki mikilvægt að hann nýti og þroski hæfileika sína, vinni vel og nái góðum árangri.
3. Í hverjum áfanga sem kenndur er við skólann séu nemendum veittar skýrar upplýsingar um markmið, áherslur og kröfur í náminu.
4. Kennarar hvetji nemendur til að leggja sig fram og velji viðfangsefni og kennsluaðferðir sem stuðla að því að þeir nái skilgreindum markmiðum.
5. Kennarar nýti og þroski hæfileika sína, frumkvæði þeirra njóti sín og þeir taki þátt í þróunarstarfi.
6. Skólareglur, sem nemendum er gert að hlýða, stuðli að árangursríku námi, gagnkvæmri virðingu nemenda, kennara og annars starfsfólks og hvetji til góðrar umgengni, tillitssemi og umburðarlyndis.



## **Fylgiskjal 2**

Matsskýrsla  
Fjölbrautaskóla Vesturlands  
á haustönn 2006





## Efnisyfirlit og tímaáætlun

Bókstafir innan sviga aftan við fyrirsagnir tengja einstaka þætti við tímaáætlun um mat og birtingu á niðurstöðum. (Sjá töflu hér að neðan.)

|   |    |   |    |
|---|----|---|----|
| Inngangur .....   | 16 | 8. Heimavist (H) .....                        | 28 |
| 1. Stjórn skólans (C) .....                                   | 17 | 9. Mötuneyti og matur á kennarastofu (H) .... | 29 |
| 2. Starf kennara (D) .....                                    | 19 | 10. Tölvukerfi og tölvuþjónusta (H) .....     | 30 |
| 3. Samskipti, starfsandi og vinnu-<br>umhverfi (E og I) ..... | 20 | 11. Skólareglur og framkvæmd þeirra (I) ..... | 31 |
| 4. Deildir og fög (F) .....                                   | 22 | 12. Félagslíf nemenda (I) .....               | 32 |
| 5. Húsnæði (G) .....  | 25 | 13. Námsráðgjöf (I) .....                     | 32 |
| 6. Skrifstofa (H) .....                                       | 26 | 14. Umsjónartímar og upplýsingastreymi (I) .. | 33 |
| 7. Bókasafn (H) .....   | 27 | 15. Námsrángur og skólasókn (J) .....         | 34 |
|   |    | 16. Nýting á kennslu og brottfall (K) .....   | 35 |
|   |    | Lokaorð .....                                 | 36 |

### Tímaáætlun um mat og birtingu á niðurstöðum

|    | Skólaár  | 2002-3 |     | 2003-4 |     | 2004-5 |     | 2005-6 |     | 2006-7 |     |
|----|--|--------|-----|--------|-----|--------|-----|--------|-----|--------|-----|
|    |  | Önn    | H02 | V03    | H03 | V04    | H04 | V05    | H05 | V06    | H06 |
| A. | Matskerfi skal endurskoða á tveggja ára fresti.  |        | X   |        |     |        | X   |        |     |        | X   |
| B. | Matsskýrsla (þar sem niðurstöður mats á einstökum þáttum eru teknar saman og tengdar markmiðum skólstarfsins).           |        |     |        |     | X      |     |        |     | X      |     |
| C. | Samantekt um mat á stjórn skólans.   |        |     |        | X   |        |     |        | X   |        |     |
| D. | Samantekt um mat á starfi kennara.   |        |     | X      |     |        |     | X      |     |        |     |
| E. | Samantekt um mat á öðru starfsfólki en kennurum og samskiptum innan skólans.   |        |     | X      |     |        |     | X      |     |        |     |
| F. | Mat á stöðu, aðbúnaði, kennslu, námsmati og árangri í einstökum deildum og fögum.  |        |     |        |     |        | X   |        |     |        | X   |
| G. | Samantekt um mat á húsnæði og aðbúnaði/aðstöðu.  |        |     | X      |     |        |     | X      |     |        |     |
| H. | Samantekt um mat á þjónustu skrifstofu, bóksafns, heimavistar, mötuneytis, tölvukerfis.                                  |        |     |        | X   |        |     |        | X   |        |     |
| I. | Samantekt um mat á framkvæmd skólareglna, liðan nemenda, félagslífi, forvörnum, námsráðgjöf, umsjón og aðbúnaði nemenda. |        |     |        |     | X      |     |        |     | X      |     |
| J. | Tölfræðileg yfirlit yfir námsrángur, skólasókn, nemendafjölda. Tekið saman af áfangastjóra.                              | X      | X   | X      | X   | X      | X   | X      | X   | X      | X   |
| K. | Tölfræðileg yfirlit yfir nýtingu á kennslu og brottfall. Tekið saman af aðstoðarskólameistara.                           | X      | X   | X      | X   | X      | X   | X      | X   | X      | X   |
| L. | Niðurstöður könnunar meðal útskriftarnema. Skólameistari leggur þessa könnun fyrir í lok hverrar annar.                  |        | X   |        | X   |        | X   |        | X   |        | X   |

## Inngangur

**Fjölbrautaskóli Vesturlands** er á margan hátt dæmigerður fyrir íslenska framhaldsskóla sem starfa utan Reykjavíkursvæðisins. Hann er í meðallagi stór, með um það bil 600 nemendur og um það bil 70 starfsmenn. Líkt og flestir fjölbrautaskólar úti á landi tekur hann við mjög breiðum hópi nemenda og leitast við að þjóna þörfum allra íbúa á svæðinu, bæði unglunga og fullorðinna, fyrir menntun á framhaldsskólastigi. Fyrir vikið er nemendahópurinn mjög sundurleitur og námsframboð afar breitt.

Við skólann eru:

- ✓ Bóknámsbrautir sem leiða til stúdentsprófs.
- ✓ Verknámsbrautir í bygginga- og mannvirkjagreinum, málmiðngreinum og rafiðngreinum.
- ✓ Samningsbundið iðnnám.
- ✓ Ýmsar starfstengdar brautir (svo sem félagsmála- og tómsunda-, sjúkraliða-, tölvufræði- og viðskiptabraut.)
- ✓ Listnámsbraut í samvinnu við tónlistarskóla.
- ✓ Almenn námsbraut.
- ✓ Starfsbraut, þ.e. sérdeild fyrir fatlaða nemendur.

Skólinn starfar eftir áfangakerfi sem þýðir meðal annars að nemendur skiptast ekki í bekkii heldur fær hver og einn sína einstaklingsstundaskrá í upphafi hverrar annar.

Við skólann eru þrír stjórnendur í fullu starfi sem bera ábyrgð á kennslu og skipulagningu hennar. Þeir eru skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri. Við hlið þeirra er fjármálastjóri í fullu starfi. Til viðbótar eru tíu kennarar í hlutastarfi við faglega stjórnun. Þeir kallast deildarstjórar og hafa umsjón með samráði og samvinnu kennara sem kenna svipaðar námsgreinar. Námsgreinarar skiptast með þessum hætti á deildarstjórana:

- |                                     |   |
|-------------------------------------|---|
| ✓ Íslenska                          | ✓ Samfélagsgreinar                              |
| ✓ Íþróttir                          | ✓ Stærðfræði                                    |
| ✓ Málmiðngreinar                    | ✓ Bygginga- og mannvirkjagreinar og listgreinar |
| ✓ Rafiðngreinar                     | ✓ Tungumál                                      |
| ✓ Raungreinar og heilbrigðisgreinar | ✓ Viðskipta- og tölvugreinar                    |

Nemendum skólans er skipt í um þ. b. 30 umsjónarhópa. Þeir sem eru saman í hóp eru að jafnaði á svipuðum aldri og á svipuðum námsbrautum. Hver umsjónarhópur hefur einn umsjónarkennara sem hann hittir einu sinni í viku í umsjónartíma sem er ein klukkustund.

Í umsjónartímum eru ýmsir þættir skólstarfsins kynntir fyrir nemendum, meðal annars mat á starfi skólans. Í þessum tímum fá nemendur einnig upplýsingar og ráðgjöf og geta rætt vandamál varðandi skólagöngu sína, val áfanga o.fl.

**Markmið Fjölbrautaskóla Vesturlands** eru skilgreind í fyrsta kafla fyrsta hluta skólánámskrár, en sá kafla hér sem fylgiskjal 1.

Innra mat við Fjölbrautaskóla Vesturlands er kerfisbundið með þeim hætti að matinu er skipt í nokkra þætti og miðað við að á hverju tveggja ára tímabili séu þeir allir teknir til skoðunar. Hér á eftir eru örstutt yfirlit yfir mat á hverjum þætti og viðbrögð við niðurstöðum þess. Ítarlegri greinargerð fyrir hverjum þætti liggur frammi á vef skólans.<sup>5</sup>

## 1. Stjórn skólans (C)

Stjórn skólans er metin á tveggja ára fresti. Mat var unnið á vorönn 2004 og aftur á vorönn 2006. Í bæði skiptin voru lagðar kannanir fyrir nemendur og starfsmenn. Framkvæmd og úrvinnsla á könnun meðal starfsmanna var í höndum Steinunnar Evu Þórðardóttur kennara en aðstoðarskólameistari sá um að leggja spurningar fyrir nemendur og vinna úr þeim.

Spurningalistinn sem Steinunn Eva lagði fyrir starfsfólk skólans er unninn upp úr lista sem var þróaður við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þessi spurningalisti er langur og spurt er um mjög mörg mismundandi atriði.

Þetta mat á stjórn skólans snýst ekki um að leiða í ljós hve vel þeir ná sínum mikilvægustu markmiðum, sem eru að stjórna skólanum þannig að nemendur hans hljóti sem besta menntun og fé sem skólinn fær á fjárlögum nýtist sem best í þágu nemenda. Þau **markmið** sem um er að ræða í könnun meðal starfsmanna snúast um samskipti skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra við aðra starfsmenn og hve vel þessum þrem stjórnendum tekst að vera leiðtogar starfsmannahópsins. **Þessi markmið þarf að skilgreina nánar.** Þau markmið sem um er að ræða í könnun sem lögð var fyrir nemendur varða aðgengi þeirra að stjórnendum og hversu ánægðir þeir eru með framkomu stjórnenda og þá úrlausn sem þeir fá þegar þeir leita til stjórnenda.

**Niðurstöðurnar** benda til að starfsfólk og nemendur séu almennt fremur ánægð með stjórn skólans.

Svör nemenda benda ekki til vandamála í samskiptum þeirra við stjórnendur. Svörum við spurningalista sem var lagður fyrir 130 nemenda úrtak vorið 2006 og 100 nemendur svöruðu sýna að 70% telja mjög auðvelt eða fremur auðvelt að ná sambandi við stjórnendur og aðeins 1% telja það fremur erfitt eða mjög erfitt. 74% nemenda telja að viðmót stjórnenda sé gott eða mjög gott og 4% að það sé slæmt eða mjög slæmt. 73% telja að stjórnendur hafi brugðist vel

<sup>5</sup> <http://www.fva.is> – slóð að skjali [http://www.fva.is/innramat/Innramat\\_verkaetlun.htm](http://www.fva.is/innramat/Innramat_verkaetlun.htm)

eða mjög vel við erindum sem nemendur hafa komið með til þeirra og 6% að þeir hafi brugðist illa eða mjög illa við. Þetta eru heldur betri útkomur en vorið 2004.

Vorið 2004 kváðust 75% svarenda í hópi starfsfólks mjög ánægðir eða frekar ánægðir með almenna stjórnun skólans. Vorið 2006 sögðust 76% ánægð eða mjög ánægð.

Tafla 1 sýnir helstu niðurstöður um viðhorf starfsmanna til almennrar stjórnunar skólans. Fólk er ánægðast með fasta liði eins og undirbúning fyrir skólaár, útskrift og prófsýningu. Þeir þættir sem er minnst ánægja með eru: Samráð við starfsmenn um rekstur og ráðstöfun fjár; Hvatning stjórnenda til lifandi umræðu um skólastarfið; Viðbrögð vegna forfalla starfsmanna.

**Tafla 1**

|    | Hversu ánægð(ur) ert þú með eftirfarandi atriði:             | Hve stórt hlutfall merkti við „frekar ánægður“ eða „mjög ánægður“ vorið 2006 | Hve stórt hlutfall merkti við „frekar ánægður“ eða „mjög ánægður“ vorið 2004 |
|----|--|--|--|
| 1  | Framtíðarsýn stjórnenda á skólastarfið                       | 53%  | 54%  |
| 2  | Metnað stjórnenda fyrir hönd skólans                         | 68%  | 69%  |
| 3  | Skipulagningu stjórnenda á skólastarfinu                     | 74%  | 70%  |
| 4  | Viðleitni stjórnenda til að hafa jákvæð áhrif á skólastarfið | 59%  | 67%  |
| 5  | Viðbrögð vegna forfalla starfsmanna                          | 47%  | 56%  |
| 6  | Hvernig stjórnendur fylgja ákvörðunum eftir                  | 53%  | 58%  |
| 7  | Hvatningu stjórnenda til lifandi umræðu um skólastarfið      | 41%  | 66%  |
| 8  | Samráð við starfsmenn um rekstur og ráðstöfun fjár           | 41%  | 44%  |
| 9  | Umhyggju stjórnenda fyrir hagsmunum starfsmanna              | 79%  | 69%  |
| 10 | Undirbúning stjórnenda að upphafi skólastarfs                | 94%  | 89%  |
| 11 | Fyrirkomulag skólasetningar                                  | 79%  | 82%  |
| 12 | Einkunnaafhendingu   | 88%  | 93%  |
| 13 | Prófsýningu  | 88%  | 82%  |
| 14 | Útskriftarathöfn   | 85%  | 89%  |
| 15 | Upplýsingastreymi frá stjórnendum til kennara                | 62%  | 58%  |
| 16 | Hversu ánægð(ur) ertu með almenna stjórnun skólans?          | 76%  | 75%  |

**Viðbrögð** stjórnenda við niðurstöðum úr könnun meðal nemenda hafa engin verið. Eðlilegt er að nokkur hluti nemenda (t.d. þeir sem fá áminningu frá stjórnendum vegna slakrar mætingar, slæmrar hegðunar eða lítillar ástundunar) sé ekki ánægður með samskipti sín við stjórnendur og því er hæpið að svör nemenda gefi tilefni til sérstakra viðbragða.

Viðbrögð stjórnenda við niðurstöðum úr könnun meðal starfsmanna eru þessi helst: Eftir könnunina á vorönn 2004 var reynt að bæta úr atriðum 1 og 7 (í töflu 1) með því að hefja umræðu um markmiðssetningu fyrir skólann til næstu ára. Sú umræða fór fram á almennum kennarafundum, deildarstjórafundum og á fagkennarafundum í einstökum deildum skólaárin 2004 til 2005 (þegar ákveðin voru markmið til þriggja ára) og 2005 til 2006 (þegar markmiðskafli skólanámskrár var endurskoðaður). Þetta hefur ekki skilað tilætluðum árangri því

hlutfall þeirra sem segjast ánægðir með framtíðarsýn stjórnenda hefur lækkað úr 54% í 53% og hlutfall þeirra sem eru ánægðir með hvatningu stjórnenda til lifandi umræðu um skólastarfið hefur lækkað úr 66% í 41%. Ákveðið hefur verið að biðja starfsmenn skólans að skipa starfshóp sem fer yfir þau atriði í starfi stjórnenda sem minnst ánægja er með og gerir tillögur um úrbætur.

**Styrkleikar og veikleikar:** Það er styrkleikamerki að mikill meirihluti nemenda og starfsmanna er ánægður með stjórn skólans en í svörum starfsmanna koma þó fram veikleikar sem þarf að ráða bót á. Sérstaklega er það áhyggjuefni að minna en helmingur starfsmanna er ánægður með hvatningu stjórnenda til lifandi umræðu um skólastarfið of aðeins um helmingur með framtíðarsýn stjórnenda.

## 2. Starf kennara (D)

Starf kennara er metið á hverri önn og um það bil fjórðungur hópsins tekinn fyrir í hvert skipti. Matið er unnið af aðstoðarskólameistara. Samantekt um þetta mat birtist síðast á haustönn 2005. Niðurstöður um mat á einstökum kennurum eru ekki birtar.

Skólaárin 2003 til 2004 og 2004 til 2005 gengust alls 42 kennarar undir formlegt mat og fengu matskýrslu og viðtal við skólameistara þar sem farið var yfir niðurstöður matsins.

Hluti af mati á starfi kennara fer þannig fram að nemendur svara spurningum um kennslu í einstökum áföngum. Úr svörum þeirra hafa verið unnin ýmis tölfræðileg gögn. Leitað hefur verið að sambandi milli brottfalls og skólasóknar annars vegar og þess hvað nemendum þykir kennari vinna vel hins vegar. Ekkert slíkt samband hefur fundist. Brottfall og skröp er jafnmikið í áföngum þar sem nemendur eru mjög ánægðir með kennsluna og úr áföngum þar sem þeir telja að kennslu sé ábótavant.

Tölfræðileg úrvinnsla á svörum nemenda við spurningum, sem lagðar eru fyrir þá í tengslum við mat á kennurum, sýnir að nokkur atriði hafa mjög sterka fylgni við hversu vel nemendum þykir kennara takast verk sitt. Þessi atriði hafa verið kynnt fyrir kennurum.

Á skólaárinu 2005 til 2006 var unnið að endurbótum á aðferðum við mat á kennslu. Endurbæturnar miðuðu einkum að því að tengja matið við markmið skólans sem tilgreind eru í skólanámskrá og auðvelda kennurum að nota matið sem tæki til umbóta og starfsþróunar. Á þessu skólaári (2006 til 2007) er í fyrsta sinn unnið eftir aðferðunum sem mótaðar voru á síðasta skólaári. Enn er of snemmt að segja neitt um árangur eða niðurstöður.

**Styrkleikar og veikleikar:** Skýrslur um mat á störfum einstakra kennara eru ekki gerðar opinberar, þær eru aðeins prentaðar í tveim eintökum og fær skólameistari annað og viðkom-

andi kennari hitt. Lítið er hægt að alhæfa um styrkleika og veikleika kennarahópsins en styrkleikar og veikleikar hvers og eins eru ræddir á fundi með skólameistara eftir að matsskýrsla hefur verið gerð.

**Viðbrögð við niðurstöðum:** Þar sem mat bendir til að kennari þurfi að endurbæta verklag eða kennsluhætti fer skólameistari yfir niðurstöðurnar með honum og ræðir um leiðir til úrbóta.

### 3. Samskipti, starfsandi og vinnuumhverfi (E og I)

Samantekt um kannanir meðal starfsmanna á starfsanda, vinnuumhverfi o.fl. er gerð á tveggja ára fresti, síðast á haustönn 2005 en þá var eftirfarandi spurningalisti lagður fyrir alla starfsmenn skólans nema skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra. Þeir voru beðnir að svara nafnlaust á vefnum. Svör bárust frá 39 kennurum og 14 öðrum starfsmönnum, þ.e. alls 53 af þeim 65 sem beðnir voru að svara.

Öllum spurningunum nema númer 14, 25 og 31 var hægt að svara með því að merkja við einn eftirtalinna möguleika: *Mjög sammála, fremur sammála, á ekki við, fremur ósammála, mjög ósammála, veit ekki*. Spurningum númer 14, 25 og 31 var svarað með því að skrifa samfellt mál í textareit. Við hverri þessara þriggja spurninga sem svara mátti með orðum bárust svör frá 3 til 5 starfsmönnum. Þau svör eru ekki birt hér.

#### Spurningalisti

tölur innan sviga segja hve stórt hlutfall merkti við jákvæðu svarmöguleikana *Mjög sammála* eða *Fremur sammála*

#### Samskipti

1. Ég á góð samskipti við vinnufélaga (96%)
2. Ég á góð samskipti við nemendur (92%)
3. Ég á góð samskipti við kennara (92%)
4. Ég á góð samskipti við skólastjórnendur (85%)
5. Ég á auðvelt með að ná sambandi við yfirmenn mína (87%)
6. Samskipti mín og annarra starfsmanna einkennast af kurteisni og tillitsemi (92%)
7. Samskipti mín og nemenda einkennast af kurteisni og tillitsemi (91%)
8. Ég tek þátt í uppákomum/skemmtunum sem í boðið eru fyrir starfsfólk skólans (60%)
9. Mér finnst að starfsfólkið ætti oftast að skemmta sér saman (53%)
10. Mér finnst ég fá nægar upplýsingar um hvað er að gerast í skólanum (72%)
11. Ég opna tölvupóst daglega eða næstum daglega (94%)
12. Ég opna tölvupóst nokkrum sinnum í viku (29%)
13. Ég les tölvupóst sem berst frá skólastjórnendum og vinnufélögum (98%)
14. Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram og varðar samskipti innan skólans? (5 svöruðu)

**Starfið**

15. Ég veit til hvers ætlast er til af mér í starfi mínu (94%)
16. Ég hef gott vald á starfi mínu (94%)
17. Ég mæti á réttum tíma (89%)
18. Ég hef ánægju af starfi mínu (87%)
19. Ég hef nægilegt svigrúm og frelsi til að vinna starfið með þeim hætti sem ég sjálf(ur) tel best (87%)
20. Mér tekst yfirleitt vel að vinna þau verk sem mér ber (96%)
21. Ég bý við hæfilegt vinnuálag (77%)
22. Ég hef tækifæri til að afla mér endur- og viðbótarmenntunar sem mér finnst ég þurfa vegna starfsins (51%)
23. Ég er dugleg(ur) að fylgjast með og tileinka mér nýjungar í starfsgrein minni (68%)
24. Mér finnst stjórnendur skólans hvetja mig og gefa mér færi á að sækja endurmenntun í mínu starfi (36%)
25. Er eitthvað fleira sem þú vilt taka fram og varðar starf þitt? (3 svöruðu)

**Vinnustaðurinn**

26. Ég er ánægð(ur) með umhverfi og aðbúnað á vinnustað (87%)
27. Tæki og verkfæri sem ég þarf að nota eru jafnan í góðu lagi (79%)
28. Mér þykir Fjölbrautaskóli Vesturlands góður vinnustaður (92%)
29. Mér finnst að yfirstjórn skólans meti störf mín að verðleikum (68%)
30. Mér finnst að næsti yfirmaður minn meti störf mín að verðleikum (77%)
31. Er eitthvað fleira sem þú vilt taka fram og varðar vinnustaðinn? (5 svöruðu)

Trúlega er ekki að marka svör við 12. spurningu þar sem sumir virðast hafa skilið spurninguna sem svo að spurt sé hvort þeir opni tölvupóst *adeins* nokkrum sinnum í viku.

Mat á samskiptum milli starfsfólks og nemenda og innan nemendahópsins var unnið á haustönn 2004. **Niðurstöður** benda til að samskipti innan skólans séu almennt í góðu lagi og svör við könnunum sem hafa verið lagðar fyrir nemendur og starfsmenn eru langflest á jákvæðum nótum. Þó komu fram vísbendingar um einelti innan skólans í könnunum sem voru lagðar fyrir á haustönn 2004 þar sem:

- ✓ 31% nemenda eru fremur sammála (25%) eða mjög sammála (6%) því að sumir nemendur séu lagðir í einelti af skólafélögum.
- ✓ 38% nemenda eru fremur sammála (27%) eða mjög sammála (11%) því að sumir nemendur séu lagðir í einelti af kennurum eða öðru starfsfólki.

Svör kennara við spurningum um einelti eru svipuð svörum nemenda:

- ✓ 40% kennara eru fremur sammála (31%) eða mjög sammála (9%) því að sumir nemendur séu lagði í einelti af skólafélögum.
- ✓ 34% kennara eru fremur sammála (25%) eða mjög sammála (9%) því að sumir nemendur séu lagðir í einelti af kennurum eða öðru starfsfólki.
- ✓ 20% kennara eru fremur sammála (17%) eða mjög sammála (3%) því að sumir starfsmenn skólans séu lagðir í einelti af vinnufélögum.

Bregðast þarf við vísbendingum um einelti m.a. með því að setja skýr viðmið í skólanámskrá um hvernig brugðist skuli við einelti og vísbendingum um einelti.

**Markmið** um samskipti og starfsanda hafa ekki verið skilgreind að öðru leyti en því að í skólanámskrá segir í kaflanum Samskipta- og skólareglur: „Það er stefna Fjölbrautaskóla Vesturlands að stuðla að því að allir sem þar starfa, nemendur, kennarar og annað starfsfólk, umgangist hver annan af kurteisi og tillitssemi.“ Meðal þeirra markmiða sem skólinn hlýtur að setja sér eru að einelti og framkoma sem felur í sér að einstaklingar séu vanvirtir eða niðurlægðir verði ekki liðin.

**Styrkleikar og veikleikar:** Svo virðist sem starfsmenn séu almennt nokkuð ánægðir með starf sitt, vinnustaðinn og samskipti við vinnufélaga og samskipti innan skólans séu yfirleitt í góðu lagi. Kannanir meðal nemenda og starfsmanna benda þó til nokkurra veikleika sem þarf að laga:

- ✓ Það vantar á að brugðist sé með skipulegum og markvissum hætti við vísbendingum um einelti.
- ✓ Í svörum við spurningu númer 10 kemur fram að allmörgum starfsmönnum þyki þeir ekki fá nægar upplýsingar um hvað er að gerast í skólanum. Við þessu þarf að bregðast með því að bæta verklag við upplýsingamiðlun.

**Viðbrögð við niðurstöðum:** Eftir að könnunin meðal starfsfólks var gerð tjáðu nokkrir starfsmenn skólastjórnendum að samskipti í starfsmannahópnum væru ekki eins góð og svör við könnuninni virtust gefa til kynna. Skólastjórnendur brugðust við þessum ábendingum með því að fá sálfræðing sem hefur sérþekkingu á samskiptum á vinnustöðum til að heimsækja skólann tvívegis á vorönn 2006 og halda námskeið um samskipti á vinnustað sem flestallir starfsmenn sóttu. Önnur viðbrögð hafa ekki verið ákveðin.

#### 4. Deildir og fög (F)

Mat á aðstöðu, aðbúnaði, kennslu, námsmati og árangri í einstökum deildum og fögum fer fram á tveggja ára fresti, í fyrsta sinn á vorönn 2005, en þá var eftirfarandi spurningalisti lagður fyrir allar deildir skólans. Listinn var búinn til í samráði við kennarahópinn.

Fagkennarahópar (deildir) skólans héldu fundi, ræddu spurningarnar og skiluðu skriflegum svörum til aðstoðarskólameistara. Svör deildanna voru síðan rædd á fundum kennara innan hvernar deildar með skólastjórnendum.



Þegar þetta mat var unnið höfðu kennslufræðileg og uppeldisleg **markmið** skólans ekki verið skilgreind með nógu skýrum hætti til að hægt væri að tengja þau matinu. Úr þessu hefur nú verið bætt með 6. útgáfu skólanámskrár.

| <b>Spurningalisti vegna mats á stöðu, aðbúnaði, kennslu, námsmati og árangri í einstökum deildum og fögum</b>  |
|--|
| <p><b>1. Staða námsgreina í deildinni.</b></p> <p>a. Hvernig gengur að fá nemendur - hvernig er aðsókn að greinunum?</p> <p>b. Hvernig er undirbúningi nemenda háttað?</p> <p>c. Hvernig gengur að vekja áhuga nemenda?</p> <p>d. Vinnur kennarahópurinn að því að auka áhuga nemenda á námsgreinum í deildinni?</p> <p>e. Er nægilegt framboð af áföngum við skólann?</p> <p>f. Er nægilegt framboð á viðbótar- og endurmenntun fyrir kennara og hversu duglegir eru þeir að sækja námskeið sem bjóðast?</p> <p><b>2. Aðbúnaður.</b></p> <p>a. Er húsnæði (kennslustofur, verkstæði, geymslur ...) nógu gott?</p> <p>b. Er tækjakostur nógu góður?</p> <p>c. Er nóg til af námsgögnum?</p> <p>d. Þjónar bókasafnið greinunum nógu vel?</p> <p><b>3. Kennsla.</b></p> <p>a. Er auðvelt að manna alla áfanga með kennurum sem hafa næga þekkingu og hæfni?</p> <p>b. Er þörf á að auka eða bæta samstarf eða samráð kennara?</p> <p>c. Vinna kennarar í deildinni þróunarstarf (t.d. við mótun nýrra áfanga eða nýs námsefnis)?</p> <p>d. Fá allir kennarar tækifæri til að nýta og þroska hæfileika sína?</p> <p>e. Er kennslutími fullnýttur (þ.e. er unnið í hverjum tíma þar til hringt er út) eða er hægt að koma fleiri verkefnum, meiri þjálfun eða meira efni fyrir innan kennslutímans?</p> <p><b>4. Námsmat og námsárangur.</b></p> <p>a. Eru próf og matsaðferðir metnar eða skoðaðar með skipulegum hætti (t.d. með samanburði við aðra skóla)?</p> <p>b. Eru kröfur til nemenda (vinnuálag, þyngd verkefna og prófa) hæfilegar?</p> <p>c. Fer kennarahópurinn skipulega yfir niðurstöður prófa og árangur nemenda?</p> <p>d. Hvernig bregst deildin við ef árangur er ekki nógu góður?</p> <p><b>5. Kvartanir.</b></p> <p>a. Berast kvartanir um starf í deildinni og ef svo er frá hverjum?</p> <p>b. Hvernig er brugðist við kvörtunum?</p> <p><b>6. Er annað sem deildin vill taka fram og varðar gæði þeirra starfa sem kennarar innan hennar vinna?</b></p> |

**Varðandi stöðu námsgreina:** Stærðfræðideild benti á að ekki sé aðsókn að áföngunum STÆ3636 og STÆ4636 sem henta nemendum á mála- og félagsfræðabrautum. Þessir áfangar falla iðulega niður og því læra margir nemendur á þessum brautum minni stærðfræði en æskilegt er. Í raungreinadeild var einnig talað um litla aðsókn að framhaldsáföngum í eðlisfræði og fleiri greinum og í viðskiptadeild komu fram svipaðar áhyggjur vegna lítillar aðsóknar. Í samfélagsgreinadeild var rætt um að kjörsviðsfyrirkomulagið gefi nemendum tilefni til að leita að þægilegustu áföngunum. Í þessu sambandi var m.a. spurt um hvort það geti verið eðlilegt að valáfangar handa eldri nemendum séu auðveldari en grunnáfangar.


Þessar áhyggjur sem fram komu í raungreinadeild, samfélagsgreinadeild og stærðfræðideild gáfu tilefni til að endurskoða framboð kjörsviðsáfanganna og kanna leiðir til úrbóta m.a. með markvissari ráðgjöf um val kjörsviðsáfanganna á bóknámsbrautum. Í 5. útgáfu skólanámskrár voru stigin skref í þessa átt þar sem skilgreindir voru heildstæðir pakkar kjörsviðsáfanganna á félagsfræða- og náttúrufræðibraut.

Máladeild benti á að efri áfangar (þ.e. 503 og 603) í þýsku og frönsku séu sjaldan í boði og þegar þeir bjóðast séu þeir oftast of fámennir til að vera kenndir svo nemendur neyðist til að taka þá með „P-heimild“ sem getur ekki komið í staðinn fyrir kennslustundir. Algengt er að nemendur á málabraut byrji strax á fyrstu önn sinni í þriðja máli og hafi því lokið fjórum áföngum eftir 2 ár en fái ekki „P-heimild“ fyrr en á útskriftarönn og myndast því „stórt gat“ í ferlinum sem er óæskilegt.

Það er áhyggjuefni að kennarar í íslensku, málmiðngreinum, raungreinum og stærðfræði telja framboð á endurmenntun fyrir kennara of lítið og kennarar í tungumálum og viðskiptagreinum tala um að það hafi minnkað undanfarin ár. Kennarar í samfélagsgreinum telja hins vegar að framboð á endurmenntun sé talsvert. Lítið framboð á endurmenntun skýrist trúlega að hluta af minni eftirspurn en var þegar kennarar gátu safnað menntunarstigum sem leiddu svo til launahækkunar. Meðal annars vegna þessa er til umræðu í samstarfsnefnd skólans að móta framgangakerfi sem umbunar kennurum fyrir að afla sér endur- og viðbótarmenntunar.

**Varðandi kennslu, námsmat og námsárangur:** Svör kennara benda ekki til að það sé neitt vandamál að manna alla áfanga hæfum kennurum með næga sérþekkingu. Kennarar í málmiðnadeild telja að kröfur við deildina séu með meira móti samanborið við aðra skóla og fyrir vikið falli fáir nemendur héðan á sveinsprófum.

Vinnuálag á nemendur og kröfur til þeirra eru síst of miklar að mati kennara í íslensku-deild, máladeild, raungreinadeild og stærðfræðideild. Í samfélagsgreinadeild komu fram áhyggjur af að nemendur sinni náminu ekki sem skyldi vegna mikillar vinnu með skóla. Meðal kennara í bygginga- og mannvirkjagreinum var talað um að finna þurfi hvetjandi leiðir til að fá nemendur til að leggja meira á sig og í rafiðnadeild um skort á heimanámi. Þetta vekur spurningar um hvort það þurfi einhvers konar sameiginlegt átak til að þrýsta á nemendur að læra meira heima og leggja sig betur fram. Þetta er brýnasta samstarfsverkefni kennarahópsins á næsta skólaári.



Í þessu sambandi er vert að rifja upp að þegar nemendur voru spurðir um heimanám í könnun sem var lögð fyrir rúmlega 100 manna handahófsúrtak á vorönn 2004 kom í ljós að 27% þeirra álitu sig verja minna en 2 klukkustundum í viku til heimanáms og 65% minna en 4 klukkustundum í viku. (Sjá mynd.)

**Styrkleikar og veikleikar:** Helsti styrkur kennarahópsins sem fram kemur í svörum við matsspurningum er mikill vilji til sóknar og umbóta. Veikleikar eru of lítil tækifæri til endurmenntunar fyrir kennara, mörgum gengur illa að fá nemendur til að vinna nægilega heimavinnu og nemendur á sumum brautum fá ónógar leiðbeiningar eða handleiðslu um val á áföngum.

**Viðbrögð við niðurstöðum:** Það sem þegar er gert eða áformað er að gera kemur fram í undirstrikuðu málsgreinunum hér að framan.

## 5. Húsnæði (G)

Húsnæði og aðbúnaður/aðstaða eru metin á tveggja ára fresti. Slíkt mat var síðast unnið í janúar 2006 af Péttri Óðinssyni umsjónarmanni húsnæðis og Sigurgeiri Sveinssyni kennara og deildarstjóra í bygginga og mannvirkjagreinum. Þeir fóru yfir allar kennslustofur skólans og könnuðu hvort þær uppfylltu eðlilegar kröfur, m.a. um:

- ✓ Lýsingu
- ✓ Lofræstingu
- ✓ Hljómburð
- ✓ Húsgögn
- ✓ Geymsluaðstöðu
- ✓ Aðgengi að nemendum
- ✓ Tæki og búnað (sýningartjöld, myndvarpa, sjónvörp, skjávarpa)
- ✓ Ástand húsnæðis (m.a. málningar, gólfefna, glugga, gluggatjalda)

**Markmið** eru skilgreind af kröfulistanum hér að ofan.

**Atriði sem þurfti að laga voru:**

- ✓ Í hliðarherbergi í kennslustofu C108 fer fram sýruþað og er lofræsting alls ekki nægjanleg.
- ✓ Viðhaldi á húsnæði fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar að Vesturgötu 62 er mjög ábótavant. Í kjallaranum er geymsluaðstaða sem er ónothæf. Lakklefi og litunaraðstaða óásættanleg.
- ✓ Kennslustofur M201 og M203 eru í geymsluhúsnæði og brunavörnum ábótavant.

**Styrkleikar og veikleikar:** Kennslustofur eru yfirleitt í góðu lagi nema fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar.

**Viðbrögð við niðurstöðum:** Ekki hefur verið fundin lausn á vandamálum með lofræstingu í C108. Í undirbúningi er að hefja byggingu á nýju kennsluhúsnæði fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar. Nýtt brunavarnakerfi hefur verið sett upp í stofum M201 og M203.

## 6. Skrifstofa (H)

Þjónusta skrifstofu er metin á tveggja ára fresti, síðast á vorönn 2006. Matið var unnið af aðstoðarskólameistara. Lagðir voru spurningalistar fyrir alla kennara og handahófsúrtak úr hópi nemenda. Listarnir voru unnir í samráði við starfsfólk skrifstofu.

**Markmið** eru að nemendur og kennarar geti gengið að þjónustu skrifstofunnar og fengið þar upplýsingar og aðstoð sem skrifstofunni ber að veita og þeim finnist þeir mæta góðu viðmóti þegar þeir leita til skrifstofunnar.

Nær allir nemendur og kennarar skólans nýta þjónustu skrifstofunnar. Um þriðjungur nemenda telur að hún sé opin of stutt á daginn. Þetta eru svipaðar niðurstöður og á vorönn 2004. Þó eru heldur fleiri nú en þá sem telja opnunartíma of stuttan.

Nemendur voru spurðir hversu góð þeim þyki þjónusta skrifstofunnar og merktu 80% við að hún sé góð eða mjög góð og 1% að hún sé fremur slæm eða mjög slæm. Þar sem spurt var um viðmót starfsfólks á skrifstofu merktu 86% við að það sé gott eða mjög gott og 1% að það sé slæmt eða mjög slæmt.

Kennarar voru spurðir um viðmót starfsfólks á skrifstofu og töldu 91% það gott eða mjög gott og enginn merkti við slæmt eða mjög slæmt.

Yfirgnæfandi meirihluti nemenda og kennara er ánægður með það viðmót sem starfsfólk skrifstofu sýnir. Ánægjan er meiri en þegar sams konar könnun var lögð fyrir á vorönn 2004.

**Styrkleikar og veikleikar:** Nemendur og kennarar eru almennt ánægðir með þjónustu skrifstofunnar, þó vildi nokkur hluti nemenda að hún væri opin lengur.

**Viðbrögð við niðurstöðum:** Það er mat skólastjórnenda að þessar niðurstöður kalli ekki á sérstök viðbrögð og of kostnaðarsamt sé að verða við óskum nemenda um lengri opunar tíma.

## 7. Bókasafn (H)

Þjónusta bókasafns er metin á tveggja ára fresti, síðast á vorönn 2006. Matið var unnið af aðstoðarskólameistara. Lagðir voru spurningalistar fyrir alla kennara og handahófsúrtak úr hópi nemenda. Listarnir voru unnir í samráði við starfsfólk bókasafns.

### Markmið

1. Að aðgangur nemenda og kennara að safninu sé greiður.
2. Að nemendur kunni að nota bókasafnið til að afla heimilda.
3. Að nemendur og kennarar séu ánægðir með þjónustu sem starfsmenn á bókasafni veita.
4. Að safnkostur og vinnuástaða mæti þörfum nemenda og kennara.

**Niðurstöður** sýna að safnið er notað af flestum nemendum og kennurum skólans og notkunin er svipuð og þegar hún var síðast könnuð á vorönn 2004. Um 81% af nemendum sem spurðir voru sögðust nota bókasafnið, þar af 42% vikulega eða oftar. 19% nemenda kváðust aldrei nota bókasafn skólans. Um 93% kennara kváðust nota safnið, þar af 29% vikulega eða oftar. 7% kennara kváðust aldrei nota bókasafn skólans.

Svör nemenda benda til að nokkuð vanti á að nemendur hafi næga kunnáttu í að leita að bókum og heimildum á safninu. 9% nemenda telja sig kunna að leita að bókum og heimildum og 54% telja sig kunna það nokkurn vegin. Þetta er heldur lakara en á vorönn 2004 þegar 22% töldu sig kunna að leita og 57% töldu sig kunna það nokkurn vegin.

Notendur bókasafnsins eru almennt ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustu þess. Svör nemenda benda til að þeir séu almennt ánægðir með þjónustu bókasafnsins. Þar sem spurt var um viðmót starfsfólks svöruðu 70% að það væri gott eða mjög gott og aðeins 3% að það væri fremur slæmt eða mjög slæmt. Svör kennara við sömu spurningu eru einnig mjög jákvæð: 94% sögðu að sér þætti viðmót starfsfólks á bókasafni gott eða mjög gott og enginn merkti við slæmt eða mjög slæmt.

Að þessu sinni var ekki reynt að meta safnkost.

**Styrkleikar og veikleikar:** Nemendur og kennarar eru almennt ánægðir með þjónustu bóksafns og stór hluti þeirra notar safnið. Talsverður hluti nemenda telur sig vanta meiri kunnáttu í notkun bóksafnsins.

**Viðbrögð við niðurstöðum:** Til að bæta kunnáttu í notkun bóksafnsins kennir forstöðumaður þess nemendum í LKN103 (lífsleikniáfanga sem allir nýnema taka) undirstöðuatriði varðandi heimildaleit o.fl.

## 8. Heimavist (H)

Heimavist er metin á tveggja ára fresti, síðast á vorönn 2006. Matið var unnið af aðstoðarskólameistara. Lagðir voru spurningalistar fyrir alla íbúa heimavistar. Listarnir voru unnir í samráði við vistarstjóra.

**Markmið** eru að íbúar séu ánægðir með aðbúnað á vistinni, þjónustu starfsmanna heimavistar og samskipti sín við aðra vistarbúa.

**Niðurstöður** benda til að íbúar heimavistar séu almennt ánægðir með aðbúnað og þjónustu og samskipti sín við starfsfólk og skólafélaga á heimavistinni. Þetta eru svipuð svör og fengust síðast þegar sams konar könnun var lögð fyrir á vorönn 2004.

Spurt var um viðmót starfsfólks á vistinni. Í tilviki vistarstjóra merktu 96% við mjög gott eða gott. Í tilviki starfsmanns á þvottahúsi merktu 98% við mjög gott eða gott. Fram kom óánægja með samskipti við næturvörð.

Íbúar heimavistar voru spurðir hvernig þeim líkar að búa þar og merktu 88% við mjög vel eða vel og 4% við fremur illa eða illa. 80% sögðu að samskipti sín við aðra vistarbúa séu góð eða mjög góð og 7% að þau séu slæm eða mjög slæm. 86% sögðu að aðrir vistarbúar komi flestir eða allir vel fram og sýni tillitssemi.

**Styrkleikar og veikleikar:** Vistin er gott samfélag þar sem íbúar eru ánægðir og góð regla er á hlutunum. Veikleikar komu fram í samskiptum vistarbúa við næturvörð.

**Viðbrögð við niðurstöðum:** Skólameistari hefur samráð við starfsfólk vistar um lausn vandamála jafnóðum og þau koma upp. Ráðnir hafa verið nýir næturverðir, en ekki er komið í ljós hvernig vistarbúar lynda við þá.

## 9. Mötuneyti og matur á kennarastofu (H)

Mötuneyti er metið á tveggja ára fresti, síðast á vorönn 2006. Matið var unnið af aðstoðar-skólameistara. Lagðir voru spurningalistar fyrir alla kennara og handahófsúrtak úr hópi nemenda. Listarnir voru unnir í samráði við starfsfólk mötuneytis. Aðeins var reynt að meta hverjir nota þjónustu mötuneytisins, hverju ánægðir þeir eru með þjónustuna og matinn þar og hvað hægt er að gera til að auka viðskipti við mötuneytið. Aðrir þættir eins og hollusta, hreinlæti og hagkvæmni voru ekki skoðaðir.

**Markmið** hafa ekki verið skilgreind, þó er ljóst að ánægja viðskiptavina (sem könnuð var bæði meðal nemenda og kennara) er eitt af mikilvægustu markmiðum mötuneytisins. En það hlýtur einnig að hafa önnur markmið eins og aukin viðskipti, hagkvæmni og hollustu.

**Niðurstöður** eru í stuttu mál á þá leið að fremur fáir nemendur skipta við mötuneytið og virðist þeim heldur fara fækkandi svo ástæða er til að leita leiða til að fjölga viðskiptavinum.

Um 27% nemenda segjast kaupa hádegisverð í mötuneytinu og þar af 16% fjórum sinnum í viku eða oftar. Um 72% segjast aldrei kaupa hádegisverð í mötuneytinu. Þetta eru ögn minni viðskipti en á vorönn 2004 þegar 30% nemenda keyptu hádegisverð í mötuneytinu.

Um 60% nemenda segjast kaupa annað en hádegisverð í mötuneytinu, þar af 13% fjórum sinnum í viku eða oftar. Um 40% segjast aldrei versla við mötuneytið utan hádegisverðartíma. Á vorönn 2004 sögðust um 70% kaupa annað en hádegisverð í mötuneytinu.

Meirihluti viðskiptavina mötuneytisins er ánægður með þjónustuna og viðmót starfsfólks. Nemendur voru spurðir hversu góð þeim þyki þjónusta mötuneytisins og merktu 51% við að hún sé góð eða mjög góð og 6% að hún sé fremur slæm eða mjög slæm. Þar sem spurt var um viðmót starfsfólks í mötuneyti merktu 54% við að það sé gott eða mjög gott og 7% að það sé slæmt eða mjög slæmt. Þetta er betri útkoma en í sams konar könnun sem var lögð fyrir á vorönn 2004.

Kennarar voru spurðir hversu ánægðir þeir séu með hádegisverð á kennarastofunni og 47% þeirra sem svöruðu sögðust mjög ánægðir, 33% fremur ánægðir og enginn sagðist vera óánægður. Þetta er mun betri útkoma en á vorönn 2004 þegar aðeins 6% þeirra sem svöruðu voru mjög ánægðir og 39% fremur ánægðir. Eðlilegt er að skýra þessa auknu ánægju með tilvísun til þess að hætt er að bera kennurum mat á bökkum út mötuneyti nemenda og tekið að matreiða fyrir þá sérstaklega.

Kennarar eru almennt ánægðir með kaffi og brauð á kennarastofu en þegar spurt var um það sögðust 91% þeirra sem svöruðu að þjónustan sé góð eða mjög góð sem er svipuð niðurstaða og í sams konar könnun á vorönn 2004.

Kennarar eru almennt ánægðir með þjónustu á kennarastofu og breytingar á hádegisverði sem gerðar hafa verið mælast vel fyrir.

**Styrkleikar og veikleikar:** Styrkur mötuneytisins er að þeir sem skipta við það eru ánægðir með þjónustuna en veikleiki þess er að viðskiptavinir eru of fáir.

**Viðbrögð við niðurstöðum** hafa ekki verið ákveðin.

## 10. Tölvukerfi og tölvuþjónusta (H)

Tölvukerfi og tölvuþjónusta eru metin á tveggja ára fresti, síðast á vorönn 2006. Matið var unnið af aðstoðarskólameistara. Lagðir voru spurningalistar fyrir alla kennara og handa-hófsúrtak úr hópi nemenda. Listarnir voru unnir í samráði við umsjónarmann tölvukerfis.

Spurningarnar tóku til ferns konar **markmiða** sem varða:

1. Aðgengi, notkun, ástand búnaðar.
2. Hæfni nemenda og kennara til að nýta tölvutækni.
3. Þjónustu kerfisstjóra.
4. Vef skólans.

Ekki var lagt mat á öryggi tölvukerfisins en ljóst er að undanfarin ár hefur „uppítími“ net-þjóna verið sem næst 365 dagar og einum betur á hlaupári og afritataka og varsla afrita er í góðu lagi. Um þessi efni þarf þó að setja skýr markmið. Annað sem ekki var metið er hversu aðgengilegt er fyrir utanaðkomandi sérfræðinga að taka við umsjón eða viðhaldi tölvukerfis skólans ef kerfisstjóri forfallast. Um þetta efni þarf líka að setja skýr markmið.

Niðurstöður varðandi markmið númer 1 voru á þá leið að almennt er aðgengi að tölvum gott og notendur þokkalega ánægðir með ástand búnaðar. Aðgengi að tölvum virðist betra en á vorönn 2004 (sem kann að stafa af því að nemendur sæki minna í að nota tölvur í skólanum vegna betri búnaðar á heimilum). Kannanir meðal nemenda og kennara benda til að helst þurfi að auka möguleika kennara á að komast með nemendahópa í tölvustofur.

Niðurstöður varðandi markmið númer 2 voru að þótt hæfni nemenda og kennara til að nýta upplýsingatækni sé góð virðast um 15% nemenda og um 20% kennara telja sig vanta nokkuð á að hafa allar upplýsingar og alla kunnáttu sem þarf á þessu sviði. Þetta er ögn betri útkoma en á vorönn 2004 en gefur samt tilefni til að kanna þarfir þessa hóps og finna hvernig þeim verður best mætt.

Niðurstöður varðandi markmið númer 3 voru að flestir nemendur og kennarar eru ánægðir með þjónustu kerfisstjóra og langflestir kennarar telja sig fá næga aðstoð.

Hvað varðar markmið númer 4 kom í ljós að þorri nemenda nýtir vef skólans til að leita að upplýsingum og allir kennarar sem svöruðu segjast nota vef skólans. 89% kennara segjast nota hann daglega eða oft í viku. 80% kennara töldu vefinn góðan eða mjög góðan og enginn taldi hann lélegan eða mjög lélegan. 69% nemenda töldu vefinn góðan eða mjög góðan og 5% töldu hann fremur lélegan eða mjög lélegan.



**Styrkleikar og veikleikar:** Styrkur tölvukerfisins og tölvuþjónustunnar er traustur búnaður, ánægðir notendur og góð vinna kerfisstjóra. Helstu veikleikar er að summa notendur skortir kunnáttu og kennarar komast ekki alltaf með hópa í tölvustofur þegar þörf er á því.

**Viðbrögð við niðurstöðum** hafa ekki verið ákveðin.

## 11. Skólareglur og framkvæmd þeirra (I)

Skólareglur og framkvæmd þeirra eru metin á tveggja ára fresti, síðast á haustönn 2004.

**Markmið** með skólareglum eru skilgreind í skólanámskrá þar sem segir „Skólareglur, sem nemendum er gert að hlýða, stuðli að árangursríku námi, gagnkvæmri virðingu nemenda, kennara og annars starfsfólks og hvetji til góðrar umgengni, tillitssemi og umburðarlyndis.“

**Niðurstöður** benda til að nemendur viti nokkuð vel hvaða reglur gilda í skólanum, nemendur og starfsmenn telji að stjórnendur framfylgi skólareglum og agaleysi og slæm hegðun séu ekki vandamál. 94% nemenda telja sig vita hvað er leyfilegt og hvað er bannað í skólanum og almennt virðast nemendur og kennarar álíta að stjórnendur framfylgi skólareglum. 88% nemenda eru mjög sammála eða fremur sammála því að stjórnendur geri það sem þarf til að framfylgja skólareglum. Svör kennara við þessari spurningu eru svipuð þar sem 81% eru mjög sammála eða fremur sammála því að stjórnendur geri það sem þarf til að framfylgja skólareglum.

99% nemenda telja sig haga sér vel í skólanum og 87% þeirra telja að nemendur hagi sér almennt vel. Mat kennara er svipað þar sem 97% þeirra er mjög sammála eða fremur sammála því að nemendur hagi sér almennt og yfirleitt vel í skólanum. Þó er áhyggjuefni að 17% nemenda eru fremur ósammála eða mjög ósammála því að kennurum takist vel að halda uppi aga og tryggja vinnufrið í kennslustundum.

Af þeim atriðum sem spurt var um í sambandi við skólareglur og framkvæmd þeirra var helst óánægja með að reglur um skólasókn séu ekki nógu sanngjarnar. 28% kennara eru fremur ósammála (22%) eða mjög ósammála (6%) fullyrðingu um að þær séu sanngjarnar. Svör nemenda við sömu spurningu eru enn neikvæðari þar sem 41% eru fremur (19%) eða mjög (22%) ósammála sömu fullyrðingu.

**Styrkleikar og veikleikar:** Slæm hegðun og brot á skólareglum virðast ekki spilla fyrir árangursríku námi eða gagnkvæmri virðingu kennara og nemenda. Þó er áhyggjuefni að hluti nemenda álítur að kennurum takist ekki vel að halda uppi aga og tryggja vinnufrið í kennslustundum. Einnig eru þrálát brot sumra nemenda á skólasóknarreglu, þ.e. skróp, áhyggjuefni.

**Viðbrögð** við niðurstöðum mats á skólareglum og framkvæmd þeirra hafa verið þau helst að reglum um skólasókn, skráningu fjarvista og viðurlög við þeim hefur verið breytt með hliðsjón af athugasemdum nemenda og kennara. Síðast var reglunum breytt vorið 2006 (og tók breytingin gildi í byrjun haustanna 2006) og á eftir að koma í ljós hvern árangur þessar breytingar bera.

## 12. Félagslíf nemenda (I)

Félagslíf nemenda er metið á tveggja ára fresti, síðast á haustönn 2004.

**Markmið** hafa ekki verið skilgreind en þegar það verður gert er eðlilegt að tengja þau stefnu skólans í forvörnum.

**Niðurstöður** benda til að nemendur séu upp til hópa ánægðir með félagslíf í skólanum og starf nemendafélagsins– 86% merkja við mjög sammála eða fremur sammála þar sem spurt er hvort svarandi sé ánægður með nemendafélagið og störf þess.

25% nemenda sögðust gjarna vilja starfa meira fyrir nemendafélagið en þeir hafa gert. Meðal tveggja yngstu árganganna var þetta hlutfall talsvert hærra. Athygli vekur að enginn úr yngsta árganginum sagðist hafa verið beðinn að starfa fyrir félagið. Þetta vekur spurningar um hvort ekki þurfi að gera eitthvað til að virkja nýnema til þátttöku í starfi nemendafélagsins.

21% töldu sig ekki fá næg tækifæri til að taka þátt í starfi nemendafélagsins. Áberandi er að 36% þeirra sem notuðu skólabílinn töldu sig ekki hafa næg tækifæri til að taka þátt í starfi félagsins.

Þessar niðurstöður voru kynntar fyrir stjórn nemendafélagsins.

**Styrkleikar og veikleikar:** Helsti veikleikinn í félagslífi nemenda er að þeir yngstu fá ónóg verkefni. Einnig hefur vantað nokkuð á að samráð sé nægilegt milli skólastjórnenda og stjórnar nemendafélagsins. Styrkur nemendafélagsins er m.a. sterkur hefðir fyrir öflugum leiklistar- og tónlistarlífi.

**Viðbrögð** við niðurstöðum mats á félagslífi er að ákveðið hefur verið að stórauka samráð og samskipti milli stjórnar nemendafélags og yfirstjórnar skólans.

## 13. Námsráðgjöf (I)

Námsráðgjöf er metin á tveggja ára fresti, síðast á haustönn 2004.

**Markmið** með námsráðgjöf liggja e.t.v. að miklu leyti í augum uppi en engu að síður þarf að skilgreina þau áður en mat á henni verður unnið næst.

**Niðurstöður** sýna að nemendur og kennarar eru ánægðir með námsráðgjöf í skólanum. Allir kennarar og 92% nemenda sem svara spurningum um efnið segjast ánægðir með samskipti sín við námsráðgjafa. Þegar spurt var hvort nemendur sem leita til námsráðgjafa fái þá aðstoð sem þeir þurfa voru sömuleiðis allir kennarar sem svöruðu sammála því. 96% nemenda svöruðu sömu spurningu með því að segjast mjög eða fremur sammála.

Ólíklegt er að þessar niðurstöður kalli á nein sérstök **viðbrögð** og um **styrkleika og veikleika** er lítið að segja.

## 14. Umsjónartímar og upplýsingastreymi (I)

Umsjónartímar og upplýsingastreymi til nemenda eru metin á tveggja ára fresti, síðast á haustönn 2004. Með upplýsingastreymi er hér átt við miðlun upplýsinga um skólastarfið og hvaðeina sem nemendur þurfa að vita til að geta skipulagt nám sitt og valið áfanga fyrir næstu önn.

**Markmið** með umsjónartímum og miðlun upplýsinga til nemenda liggja e.t.v. að miklu leyti í augum uppi en engu að síður þarf að skilgreina þau áður en mat á þessum þáttum verður unnið næst.

**Niðurstöður** benda til að nemendur og kennarar séu ánægðir með núverandi fyrirkomulag á umsjónartímum.

Þegar nemendur voru spurðir hvert þeir sæki upplýsingar sem þeir nota til að velja áfanga og skipuleggja nám sitt merktu flestir við skólavefinn (46%), næstflestir styðjast við blöð sem dreift er í umsjónartímum (42%), þá koma námsráðgjafar (34%) og aðrir nemendur (26%). Aðeins 6% sögðust leita til deildarstjóra.

21% umsjónarkennara eru annað hvort fremur ósammála (17%) eða mjög ósammála (4%) fullyrðingu um að þeir fái allar upplýsingar sem þeir þurfa til að geta leiðbeint umsjónarnemendum sínum við að velja áfanga og skipuleggja nám sitt. 14% nemenda eru annað hvort fremur ósammála (12%) eða mjög ósammála (2%) fullyrðingu um að þeir fái allar upplýsingar sem þeir þurfa til að velja áfanga og skipuleggja nám sitt.

Í könnunum meðal útskriftarnemenda sem lagðar eru fyrir í lok hvernar annar er m.a. spurt um umsjónartíma og síðastliðin 4 ára hafa á bilinu 33% til 53% sagt að þeir séu gagnslitlir eða óþarfir. Þetta kann að benda til þess að nemendur sem nýta sér upplýsingar á vef skólans telji þær duga og finnst frekari upplýsingamiðlun í umsjónartímum ekki nauðsynleg.

**Styrkleikar og veikleikar:** Upplýsingastreymi til nemenda virðist í lagi. Þó er umhugsunarefni hvort of löngum tíma sé varið í umsjónartíma. Einnig er umhugsunarefni hve fáir leita ráða hjá deildarstjórum.

**Viðbrögð** við þessum niðurstöðum hafa verið þau helst að koma til móts við þau 21% kennara og 14% nemenda sem finnst þeir ekki fá nægar upplýsingar með því að koma betri reglu á gögn sem nemendur nota við námsáætlanagerð og val og birt eru á vef skólans eða dreift í umsjónartímum.

## 15. Námsárangur og skólasókn (J)

Tölfræðilegt yfirlit um námsárangur og brottfall er tekið saman af áfangastjóra á hverri önn. Helstu niðurstöður úr samantektum áfangastjóra eru dregnar saman í töflu 2.

Á vorönn 2004 voru spurningar um heimanám lagðar fyrir úrtak nemenda. Helstu niðurstöður eru dregnar saman í töflu 3.

**Markmið** skólans í þessum efnum eru að:

- ✓ Draga úr fjarvistum nemenda.
- ✓ Stærri hluti hvers hóps ljúki prófi/áfanga.
- ✓ Færri nemendur hætti skólagöngu fyrir lok annar.

Þessi markmið þarf að útfæra og skilgreina nánar. Ljóst er að það getur ekki talist viðunandi að fjórðungur nemenda sé með skólasókn undir 89% og tugir nemenda séu með falleinkunn (þ.e. einkunnina 4) í skólasókn. Það getur heldur engan vegin talist viðunandi að meira en fjórðungur nemenda verji 2 klukkustundum eða minna til heimanáms í viku.

**Tafla 2. Tölur frá áfangastjóra.**

|   | Haust 2002 | Vor 2003 | Haust 2003 | Vor 2004 | Haust 2004 | Vor 2005 | Haust 2005 | Vor 2006 |
|---|------------|----------|------------|----------|------------|----------|------------|----------|
| Fjöldi nemenda alls á Akranesi.           | 591        | 532      | 587        | 545      | 591        | 533      | 609        | 547      |
| Fjöldi nem. í reglulegu námi.             | 517        | 437      | 534        | 503      | 526        | 480      | 512        | 501      |
| Fjöldi nem. sem hættir í skóla á önninni. | 32         | 21       | 38         | 18       | 41         | 26       | 20         | 30       |
| Fall (hlutfall af kennslustundafjölda).   | 16,8%      | 15,1%    | 14,6%      | 17,9%    | 16,2%      | 17,1%    | 20,1%      | 24,4%    |
| Fjöldi kennslustunda á viku.              | 38,2       | 37,8     | 38,4       | 38,0     | 35,7       | 35,6     | 35,4       | 35,7     |
| Fjöldi staðinna eininga.                  | 15,0       | 14,7     | 15,5       | 14,9     | 14,2       | 14,0     | 13,4       | 12,9     |
| Hlutfall m. minna en 80% mætingu.         | 6%         | 10%      | 5%         | 6%       | 4%         | 8%       | 6%         | 6%       |

Nem. telst í reglulegu námi ef hann er í a.m.k. 24 kennslustundum á viku og ekki utanskóla.

**Tafla 3. Niðurstöður könnunar á heimavinnu nemenda.**

| Hvað verð þú að jafnaði löngum tíma til heimanáms í hverri viku? (svör í klst.) | Karlar | Konur | Almenn braut | Stúdentsbrautir | Iðnbrautir | Annað nám | Allir |
|---|--------|-------|--------------|-----------------|------------|-----------|-------|
| 0   | 26%    | 0%    | 10%          | 7%              | 35%        | 8%        | 13%   |
| 0 til 2   | 12%    | 17%   | 25%          | 14%             | 9%         | 8%        | 14%   |
| 2 til 4   | 35%    | 41%   | 55%          | 34%             | 30%        | 42%       | 38%   |
| 4 til 6   | 11%    | 15%   | 5%           | 17%             | 9%         | 17%       | 13%   |
| 6 til 9   | 11%    | 15%   | 5%           | 14%             | 13%        | 17%       | 12%   |
| 9 til 12  | 4%     | 7%    | 0%           | 9%              | 0%         | 8%        | 5%    |
| 12 til 15   | 2%     | 4%    | 0%           | 3%              | 4%         | 0%        | 3%    |
| > 15  | 0%     | 2%    | 0%           | 2%              | 0%         | 0%        | 1%    |

**Styrkleikar og veikleikar:** Að jafnaði hættir um 5% nemenda í skólanum á hverri önn (þ.e. frá því töflubreytingum lýkur þar til próf hefjast) og álíka hlutfall skrópar í meira en 20% kennslustunda. Þetta er of mikið skróp og of mikið brottfall. Einnig benda kannanir til að nemendur verji að jafnaði litlum tíma til heimanáms.

**Viðbrögð** skólastjórnenda við upplýsingum um slaka skólasókn hafa verið mikil og margvísleg og stór hluti af tíma stjórnenda og námsráðgjafa fer í að eltast við nemendur sem mæta illa. Viðbrögð við sveiflum í námsárangri eru helst þau að einstakar deildir fara yfir stöðuna ef útkoma úr prófum er lakari en vænta má. Niðurstöður könnunar á heimavinnu hafa verið ræddar í kennarahópnum en ekki hefur verið um nein samræmd viðbrögð að ræða. Eins og nefnt var í 4. kafla þessarar skýrslu er brýnasta samstarfsverkefni kennarahópsins á næsta skólaári sameiginlegt átak til að þrýsta á nemendur að læra meira heima og leggja sig betur fram.

## 16. Nýting á kennslu og brottfall (K)

Tölfræðilegt yfirlit um nýtingu á kennslu og brottfall er tekið saman af aðstoðarskólameistara á hverri önn.

Nýting á kennslu er táknuð með prósentutölu sem segir hvað meðalstærð námshópa er stórt hlutfall af fullum hópi, en viðmið frá menntamálaráðuneyti kveða á um að í flestum bóklegum greinum teljist 25 nemendur fullur hópur, í raungreinum teljist 20 vera fullur hópur, í verklegum greinum 12 og í fornámi, fagbóklegum greinum, listgreinum og tölvugreinum er miðað við töluna 15.

Samkvæmt kokkabókum ráðuneytisins (þ.e. reiknilíkani fyrir framhaldsskóla) miðast fjárveitingar til skóla við um það bil 77% nýtingu, þ.e. að hópastærðir séu að meðaltali um 77% af fullum hópum. Til að reksturinn sé réttu megin við núllið þarf nýtingin að vera nokkuð fyrir ofan þetta lágmark því fjárþörf til annars en kennaralauna er vanáætluð.

**Markmið** skólans eru að

a) í öllum greinaflokkum (eða deildum) sé nýting kennslu fyrir ofan 77,46% við upphaf annar og

b) niðurstaða fyrir skólann í heild sé ofan við þessi mörk við lok annar.

Þessi markmið fela m.a. í sér að reynt sé að sporna gegn brottfalli svo hópastærðir haldist yfir tilteknu lágmarki.

**Niðurstöður** fyrir undanfarnar 8 annir eru í töflu 4.

**Tafla 4. Nýting kennslu og brottfall.**

|  | Haust 2002 | Vor 2003 | Haust 2003 | Vor 2004 | Haust 2004 | Vor 2005 | Haust 2005 | Vor 2006 |
|--|------------|----------|------------|----------|------------|----------|------------|----------|
| Viðmiðun ráðuneytisins (sem stundum er kallað „nýtingarkrafa“)         | 77,5%      | 77,2%    | 76,9%      | 77,1%    | 76,82%     | 77,09%   | 76,70%     | 77,06%   |
| Nýting kennslu í upphafi annar (þ.e. efir að töflubreytingum er lokið) | 87,1%      | 84,9%    | 87,7%      | 85,2%    | 89,09%     | 84,63%   | 86,55%     | 83,68%   |
| Brottfall á önn.   | 6,8%       | 5,2%     | 6,1%       | 5,3%     | 6,94%      | 6,50%    | 4,97%      | 7,6%     |
| Nýting í lok annar   | 81,1%      | 80,5%    | 82,4%      | 80,7%    | 82,91%     | 79,13%   | 82,25%     | 77,32%   |

**Styrkleikar og veikleikar:** Markmið b hefur náðst á hverri önn undanfarin 4 ár nema á vor-önn 2006. Nokkrum sinnum hefur vantað á að markmið a næðist í málmiðna-, rafíðna- og bygginga- og mannvirkjagreinum.

**Viðbrögð:** Þessar tölur eru notaðar til að áætla kennslumagn og meta t.d. hvað er óhætt að bjóða upp á marga fámenna valáfanga. Viðbrögð stjórnenda við þessum niðurstöðum eru á hverjum tíma samofin öllu starfi við skipulag og undirbúning næstu annar.

**Lokaorð**

Í því mati sem unnið hefur verið og hér hefur verið greint frá hefur mikil vinna verið lögð í að kanna viðhorf nemenda og starfsmanna og spyrja hvort þeir séu ánægðir með þetta og hitt. Þessar kannanir hafa leitt í ljós að flestir eru þokkalega ánægðir og finnst skólinn þægilegur vinnustaður. En þægindi og gott andrúmsloft geta ekki verið einu markmið skólans. Sum önnur markmið liggja í augum uppi, önnur þarf að leggja vinnu í að skilgreina.

Aðferðir við mat á kennslu hafa þegar verið endurskoðaðar og tengdar við skilgreind markmið.

Frekari endurbætur á matskerfinu þurfa einkum að snúast um markmiðssetningu og skilgreiningar á því hvaða árangur sé nógu góður og hvaða skref skuli taka til að bæta skóla- starfið. Matið á svo að leiða í ljós að hversu miklu leyti markmiðin hafa náðst. Erfitt er að átta sig á hvað er viðundandi og hvað ekki nema hafa einhvern samanburð við aðra skóla. Þess vegna hefur Fjölbrautaskóli Vesturlands hafið samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Snæfellinga sem miðar meðal annars að því að afla samanburðarhæfra matsgagna úr þessum fjórum skólum.

Það sem gert hefur verið til að fylgja niðurstöðum mats eftir og bæta úr vanköntum sem í ljós hafa komið er talið upp í þessari skýrslu. Það sem enn er ógert er einkum eftirtalið:

- ✓ Fá starfshóp til að fara yfir atriði í starfi stjórnenda sem er óánægja með og setja fram tillögur um úrbætur. (1. kafli)
- ✓ Skipuleggja viðbrögð við einelti. (3. kafli)
- ✓ Bæta vinnubrögð við upplýsingamiðlun innan skólans. (3. kafli)
- ✓ Greiða fyrir aukinni endurmenntun kennara. (4. kafli)
- ✓ Vinna að sameiginlegu átaki kennara til að þrýsta á nemendur að læra meira heima og leggja sig betur fram. (4. kafli og 15. kafli)
- ✓ Bæra kennsluáðstöðu í bygginga- og mannvirkjagreinum. (5. kafli)
- ✓ Kanna leiðir til að auka viðskipti við mötuneytið. (9. kafli)
- ✓ Auka möguleika kennara á að komast með hópa í tölvustofur. (10. kafli)
- ✓ Koma til móts við þarfir nemenda og kennara sem ekki hafa næga kunnáttu í notkun tölvu- og upplýsingatækni. (10. kafli)
- ✓ Auka samráð og samskipti milli stjórnar nemendafélags og yfirstjórnar skólans. (12. kafli)
- ✓ Bæta nýtingu á kennslu í málmiðna-, rafíðna- og bygginga- og mannvirkjagreinum. (16. kafli)





## Fylgiskjal 3

### Mat og námskrárgerð við Fjölbrautaskóla Vesturlands – sögulegt yfirlit

Í lögum um framhaldsskóla<sup>6</sup> sem tóku gildi árið 1996 segir í 22. grein:

Í hverjum skóla skal gefa út skólanámskrá þar sem gerð er grein fyrir námsframboði, lengd og innihaldi námsáfanga og skiptingu námsgreina á námsannir og/eða námsár. Þar skal einnig gerð grein fyrir áherslum í starfi skólans, kennsluháttum, námsmati og stjórnunarháttum, svo sem gæðastjórnun.

Þar segir enn fremur í 23. grein:

Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.

Upphaflega stóð til að lögin kæmust að fullu til framkvæmda á skólaárinu 2000 til 2001 en með lagabreytingu<sup>7</sup> sem tók gildi árið 1999 var því frestað til skólaársins 2003 til 2004.

Þegar líða tók að aldamótum og skólaárið 2000 til 2001 nálgaðist þurfti meðal annars að hefja undirbúningsvinnu við gerð skólanámskrár og mat á starfi skóla.

Vinna við skipulag og undirbúning sjálfsmats við Fjölbrautaskóla Vesturlands hófst með stofnun stýrihóps um innra mat á haustönn 1998. Hópurinn skilaði skýrslu í desember 1998 og lagði til að á næstu önn (vorönn 1999) yrðu þrjú þættir metnir:

1. Aðgengi hreyfihamlaðra að skólanum.
2. Stoðþjónusta við nemendur og vinnuaðstaða þeirra.
3. Starfssvið deildarstjóra.

Þessir þættir voru svo skoðaðir á vorönn 1999 en starfið hélt ekki áfram eftir það og nokkur bið varð á að byrjað væri að meta störf kennara með skipulegum hætti enda varð ljóst þegar kom fram á árið 1999 að ekki væri skylda að fullvinna kerfisbundið mat fyrr en á skólaárinu 2003 til 2004. Það lá meira á að vinna skólanámskrá því samkvæmt *Aðalnámskrá framhaldsskóla* sem Menntamálaráðuneytið gaf út í apríl 1999 var ekki hægt að fresta því eins lengi.

<sup>6</sup> Lög nr. 80 frá 1996.

<sup>7</sup> Lög nr. 100 frá 1999.

Vinna við skólanámskrá fyrir Fjölbrautaskóla Vesturlands hófst af krafti á haustönn 1999. Starfshópar kennara unnu að tillögum um ýmis atriði varðandi kennslu og verklag. Þessar tillögur byggðu að verulegu leyti á námsvísunum og ýmsum öðrum prentuðum gögnum sem höfðu verið notuð í tíð eldri laga og námskrár. Við þessa námskrárvinnu var lítt eða ekki hugað að mati á starfi skólans og þegar fyrsta útgáfa skólanámskrár kom út í júlí 2000 hafði ekki verið ákveðið hvernig kennsla og annað skólastarfi yrðu metin.

Vinna við mótun aðferða til að meta kennslu og störf kennara hófst á vorönn 2001. Þá var skipaður starfshópur sem í sátu aðstoðarskólameistari og 3 kennarar. Hópurinn skilaði niðurstöðum í apríl 2001. Hugmyndir hans gerðu ráð fyrir að hver kennari gengist undir mat á tveggja ára fresti sem þýddi að á hverri önn yrði um það bil fjórði hver kennari metinn. Matsaðferðirnar sem hópurinn mótaði gerðu ráð fyrir að aflað yrði þrenns konar gagna um störf kennara:

1. Þungamiðja matsins var, samkvæmt tillögum hópsins, sjálfsmat kennara (þ.e. svör hans við matsspurningum sem mynduðu eins konar skýrslu kennara um eigið starf).
2. Fjölvalsspurningar sem skyldu lagðar fyrir nemendur.
3. Gögn frá skrifstofu og skólastjórnendum (svo sem kennsluáætlanir, próf, tölfræðilegar upplýsingar um atriði eins og fall í einstökum áföngum og brottfall nemenda).

Þessar tillögur voru ræddar ítarlega á kennarafundum og lauk þeirri umræðu með almennu samkomulagi um að vinna eftir þeim.

Kennslumatið sem var mótað á vorönn 2001 myndaði ekki heildstætt eða altækt matskerfi. Enn var því þörf fyrir hugmyndavinnu og umfangsmikil fundahöld og á haustönn 2002 var í þriðja sinn var skipuð nefnd eða starfshópur um sjálfsmat. Í honum sátu skólameistari, aðstoðarskólameistari, 4 kennarar og einn annar starfsmaður. Þessi nefnd skilaði niðurstöðum vorið 2003. Hún vann heildstætt matskerfi fyrir skólann sem gerði ráð fyrir að á hverjum 5 önnum yrðu öllum þáttum gerð skil. Kennaramatið sem mótað var á vorönn 2001 varð hluti af þessu heildstæða matskerfi

sem hefur verið notað síðan á haustönn 2003. Meðal annarra þátta sem eru metnir eru t.d. stjórn skólans og ýmis þjónusta eins og tölvuþjónusta, bókasafn og mótuneyti.<sup>8</sup>

Í þessu heildstæða matskerfi er gagna einkum aflað með spurningalistum sem lagðir eru fyrir nemendur og kennara og hver og einn svarar sem einstaklingur. Frá þessu eru þó nokkrar undantekningar. Meðal annars eru störf allra deilda í skólanum metin með þeim hætti að kennarar í hverri deild ræða matsspurningar og skila sameiginlegu álitum.

Segja má að í þessu matskerfi sé kennsla metin á tvo ólíka vegu. Annars vegar er lagt mat á starf hvers kennara fyrir sig með þeim aðferðum sem mótaðar voru á vorönn 2001. Mati á starfi hvers kennara lýkur með því að hann fær í hendur skýrslu og mætir í viðtal hjá skólameistara þar sem rætt er um innihald skýrslunnar. Hins vegar er staða námsgreina í hverri deild metin af kennurum deildarinnar sem ræða málin og skila skýrslu sem síðan er rædd á fundi með skólameistara.

\*

Á meðan unnið var að mótun sjálfsmats við skólann var skólanámskrá endurskoðuð. Önnur útgáfa hennar birtist vorið 2002 og sú þriðja vorið 2003 en námskrárvinnan var ekki tengd sjálfsmatinu með markvissum hætti, enda var megináhersla lögð á mótun almennrar námsbrautar, aðlögun annarra brauta að breytingum á aðalnámskrá og endurskoðun á skólareglum. Markmiðskaflinn í skólanámskránni var að mestu byggður á vinnu sem fram fór fyrir meira en 10 árum og var í raun safn af niðurstöðum og samþykktum kennarafunda og ýmissa starfshópa. Á skólaárinu 2005 til 2006 var unnið að endurskoðun á markmiðskafla skólanámskrár.<sup>9</sup>

Þegar allir kennarar höfðu gengist undir mat tvisvar sinum samkvæmt þeim aðferðum sem mótaðar voru á vorönn 2001 var ljóst að endurskoða þyrfti þessar aðferðir. Meðal þess sem þyrfti að gera var að tengja matið markmiðum skólans. Á haustönn 2005 var því í fjórða sinn skipaður matshópur. Hann starfar enn og í honum sitja aðstoðarskólameistari og 7 kennarar. Þessi hópur hefur þegar skilað tillögum sem samþykktar voru á kennarafundi 17. maí 2006.<sup>10</sup>

<sup>8</sup> Lýsingu á matskerfinu er að finna á vef skólans (<http://www.fva.is>. Slóð að skjali: [http://fva.is/innramat/Innramat\\_verkaetlun.htm](http://fva.is/innramat/Innramat_verkaetlun.htm).)

<sup>9</sup> Niðurstöður þeirrar vinnu eru í fylgiskjali 1.

<sup>10</sup> Tillögur starfshópsins eru í eru í fylgiskjali 4.



## Fylgiskjal 4

### Mat á kennslu við Fjölbrautaskóla Vesturlands Tillögur starfshóps um innra mat skólaárið 2005 til 2006

Starfshópur um innra mat hefur mótað tillögu um breytt fyrirkomulag á mati á kennslu. Tillagan er sett fram með fyrirvara um að markmið skólans verði skilgreind með líkum hætti og rætt var um á kennarafundi í mars 2006.

Í hópnum eru: Anna Bjarnadóttir fyrir íþróttir og viðskiptagreinar; Atli Harðarson af hálfu skólastjórnenda; Bjarnveig Ingvarsdóttir fyrir íslensku; Garðar Norðdahl fyrir stærðfræði og iðngreinar; Guðrún Jóna Gunnarsdóttir fyrir raungreinar og heilbrigðisgreinar; Hjálmur Geir Hjálmsson fyrir iðngreinar; Kristján E. Guðmundsson fyrir samfélagsgreinar; Ursula Karlsdóttir fyrir tungumál.

Hópurinn leggur til að eftirtaldar spurningar verði lagðar fyrir nemendur í tengslum við mat á hverjum áfanga og einstakar deildir geti bætt fáeinum spurningum við sem yrðu þá aðeins lagðar fyrir nemendur í tilteknum áföngum. (Á spurningalistum sem nemendur fá verður heiti eins tiltekins áfanga sett í stað ABC123.)

1. Ég veit hvað ég á að læra í ABC123.
2. Mér finnst kennslan í ABC123 vera í samræmi við kennsluáætlun.
3. Í kennslustundum í ABC123 þarf ég að fylgjast með eða vinna allan tímann.
4. Ég er ánægður með námsgögnin sem eru notuð í ABC123.
5. Mér finnst ég hafa lært mikið í ABC123.
6. Ég hef þurft að leggja mig fram til að ná árangri eða standast kröfur sem gerðar eru í ABC123.
7. Mér finnst að próf/verkefni í ABC123 hafi verið í samræmi við áherslur í yfirferð.
8. Mér finnst kennari í ABC123 gefa skýr og greinagóð svör ef ég þarf að spytja eða fá útskýringar á einhverju.
9. Kennarinn í ABC123 hrósar mér þegar ég stend mig vel.
10. Kennarinn í ABC123 leggur fyrir mig verkefni sem hvetja mig til sjálfstæðra vinnubragða.
11. Mér finnst yfirleitt ríkja góður vinnufriður í ABC123.
12. Hvaða einkunn býst þú við að fá í ABC123?

Við spurningum 1 til 11 verða svarmöguleikarnir: *Mjög sammála, fremur sammála, fremur ósammála, mjög ósammála.*

Hægt er að leggja kannanir fyrir nemendur í Plútó undir lok annar (t.d. í 11 til 13 viku) og taka t.d. fjórðung allra námsgreina eða fjórðung allra kennara fyrir á hverri önn.

Lagt er til að eftirtaldar spurningar verði lagðar fyrir kennara, munnlega eða skriflega. Þeim fyrstu 5 þarf að svara fyrir hvern áfanga.

1. Er kennsluáætlunin í ABC123 í samræmi við námskrá?
2. Er yfirferð námsefnis, námsmat og fyrirlögn verkefna í ABC123 í samræmi við kennsluáætlun?
3. Hvað gerir þú til að láta nemendur í ABC123 vita hvernig þeir standa sig?
4. Hvað gerir þú ef nemandi í ABC123 nær ekki viðunandi tókum á námsefninu eða hætt er við að hann uppfylli ekki námskröfur í áfanganum?
5. Hvað gerir þú sem hvetur nemendur í ABC123 til að leggja sig fram eða stuðlar að því að markmið kennslunnar náist? (Taktu sérstaklega fram ef þú hefur búið til námsefni eða mótað kennsluáðferðir sem skila góðum árangri, vekja áhuga nemenda eða fá þá til að vinna vel.)
6. Gerðu grein fyrir viðbótar- og endurmenntun sem þú hefur aflað þér á undanförunum tveim árum. (Þessari spurningu er t.d. hægt að svara með því að skila afritum af skírteinum eða öðrum gögnum um þátttöku í námskeiðum.)
7. Gerðu grein fyrir þróunarstarfi eða nýjungum sem þú hefur unnið að á undanförunum tveim árum. (Láttu m.a. koma fram ef þú hefur mótað nýja áfanga, endurbætt kennsluáætlun eða kennsluhætti í einhverjum áfanga, tekið þátt í þróunarstarfi á vettvangi faggreinafélags eða gert tilraunir með nýjar kennsluáðferðir.)
8. Er eitthvað fleira sem þú vilt að komi fram og varðar gæði þeirra starfa sem þú innir af hendi?

## **Starfshópurinn leggur til að mat á kennslu taki til fjögurra efnispátta eða flokka og spurningunum sé skipað undir þá sem hér segir:**

### **a) Skipulagsrammi**

**Markmið:** Í hverjum áfanga sem kenndur er við skólann séu nemendum veittar skýrar upplýsingar um markmið, áherslur og kröfur í náminu.

#### **Spurningar til nemenda:**

- Ég veit hvað ég á að læra í ABC123.
- Mér finnst kennslan í ABC123 vera í samræmi við kennsluáætlun.
- Mér finnst að próf / verkefni í ABC123 hafi verið í samræmi við áherslur í yfirferð.

#### **Spurningar til kennara:**

- Er kennsluáætlunin í ABC123 í samræmi við námskrá?
- Er yfirferð námsefnis, námsmat og fyrirlögn verkefna í ABC123 í samræmi við kennsluáætlun?
- Hvað gerir þú til að láta nemendur í ABC123 vita hvernig þeir standa sig?
- Hvað gerir þú ef nemandi í ABC123 nær ekki viðunandi tókum á námsefninu eða hætt er við að hann uppfylli ekki námskröfur í áfanganum?

#### **Svör kennara og nemenda og skoðun á kennsluáætlun gefa upplýsingar um hvort:**

- Kennsluáætlunin í áfanganum er í samræmi við námskrá.
- Unnið er eftir kennsluáætluninni?
- Nemendum er ljóst hver markmiðin eru og hvaða kröfur eru gerðar til þeirra?

### **b) Námsefni, kennsluhættir, námsmat og samskipti við nemendur**

**Markmið:** Hver nemandi finni að velferð hans skipti máli, kennurum og stjórnendum skólans þyki mikilvægt að hann nýti og þroski hæfileika sína, vinni vel og nái góðum árangri.

Kennarar hvetji nemendur til að leggja sig fram og velji viðfangsefni og kennsluaðferðir sem stuðla að því að þeir nái skilgreindum markmiðum.

**Spurningar til nemenda:**

- Í kennslustundum í ABC123 þarf ég að fylgjast með eða vinna allan tímann.
- Ég hef þurft að leggja mig fram til að ná árangri eða standast kröfur sem gerðar eru í ABC123.
- Kennarinn í ABC123 hrósar mér þegar ég stend mig vel.
- Kennarinn í ABC123 leggur fyrir mig verkefni sem hvetja mig til sjálfstæðra vinnubragða.
- Ég er ánægður með námsgögnin sem eru notuð í ABC123.
- Mér finnst ég hafa lært mikið í ABC123.
- Mér finnst kennari í ABC123 gefa skýr og greinagóð svör ef ég þarf að spyrja eða fá útskýringar á einhverju.
- Mér finnst yfirleitt ríkja góður vinnufriður í ABC123.
- Hvaða einkunn býst þú við að fá í ABC123?

**Spurning til kennara:**

- Hvað gerir þú sem hvetur nemendur í ABC123 til að leggja sig fram eða stuðlar að því að markmið kennslunnar náist? (Taktu sérstaklega fram ef þú hefur búið til námsefni eða mótað kennsluaðferðir sem skila góðum árangri, vekja áhuga nemenda eða fá þá til að vinna vel.)

**Svör kennara og nemenda gefa upplýsingar um hvort:**

- Nemendur séu hvattir til að leggja sig fram.
- Náms efni og kennsluhættir stuðla að því að þeir nái settum markmiðum.

**c) Fagleg færni kennara**

**Markmið:** Kennarar nýti og þroski hæfileika sína, frumkvæði þeirra njóti sín og þeir taki þátt í þróunarstarfi.

**Spurning til kennara:**

- Gerðu grein fyrir viðbótar- og endurmenntun sem þú hefur aflað þér á undanföllum tveim árum. (Þessari spurningu er t.d. hægt að svara með því að skila afritum af skírteinum eða öðrum gögnum um þátttöku í námskeiðum.)
- Gerðu grein fyrir þróunarstarfi eða nýngum sem þú hefur unnið að á undanföllum tveim árum. (Láttu m.a. koma fram ef þú hefur mótað nýja



áfanga, endurbætt kennsluáætlun eða kennsluhætti í einhverjum áfanga, tekið þátt í þróunarstarfi á vettvangi faggreinafélags eða gert tilraunir með nýjar kennsluaðferðir.)

**Svör kennara gefa upplýsingar um hvort:**

- Kennari reyni með markvissum hætti að auka kunnáttu sína og hæfni til starfa.

**d) Annað**

**Meginmarkmið:** Breytileg markmið

**Spurningar til nemenda:** Deildir og kennarar geta valið allt að 4 spurningar til að leggja fyrir nemendur.

**Spurning til kennara:**

- Er eitthvað fleira sem þú vilt að komi fram og varðar gæði þeirra starfa sem þú innir af hendi? (Taktu sérstaklega fram ef xyz.<sup>11</sup>)

**Svör kennara gefa upplýsingar um hvort:**

- Kennari vinnur eða gerir eitthvað sem bætir skólastarfið og ekki er spurt um í liðum a til c.

---

<sup>11</sup> Áður en mat fer fram kynnir skólameistari viðmið (xyz) sem kennarar hafa til hliðsjónar þegar þeir svara þessari spurningu.



## Fylgiskjal 5

Þýðing á *Viðmiðum fyrir sjálfsmat (Guidelines for self-evaluation)* úr ritinu *Guidelines for good practice in evaluation (2004)* sem gefið er út af bresku matssamtökunum (United Kingdom Evaluation Society)<sup>12</sup>

Þeir sem taka þátt í sjálfsmati innan stofnunar þurfa að:

- **gera markmið matsins, hlutverk þess og tilgang,** ljós öllum aðilum innan stofnunarinnar.
- **tryggja að matsferlið falli að formgerð og hlutverkum** stofnunarinnar.
- **hafa skýrar verklagsreglur um miðlun matsgagna** bæði innan stofnunar og utan.
- **beita sér fyrir því** að allir innan stofnunarinnar hafi trú á að matið sé þess virði að vera unnið.
- **átta sig á að miðlun þekkingar og reynslu** getur fremur ógnað aðilum innan stofnunar en þeim sem standa utan hennar og reyna að draga úr slíkri ógn.
- **koma fram við alla samstarfsmenn sem jafningja** bæði í matsferlinu og við miðlun á niðurstöðum matsins.
- **tryggja að allir sem koma að matinu (hvort sem þeir gera það með því að veita upplýsingar, safna þeim eða nota þær)** séu með einhverjum hætti þátttakendur frá upphafi svo þeir viti hvað er að gerast og hvers vegna.
- **taka upp aðferðir sem eru hagkvæmar og notahæfar** innan þeirra tímaramma og verkferla sem við lýði eru í stofnuninni.
- **hafa stuðning frá yfirstjórn stofnunarinnar,** þar á meðal fjárhagslegan stuðning þar sem það á við vegna fundarhalda, tengslaneta, miðlunar og útgáfu.
- **fullvissa** aðila innan stofnunar um að niðurstöður matsins séu ekki einungis notaðar til að kalla fólk til ábyrgðar heldur einnig við þróunarstarf.
- **sýna fram á aðferðafræðilegt réttmæti matsins** og að hægt sé að draga af því gildar ályktanir sem varða nákvæmlega þann tilgang sem samkomulag er um að matið þjóni.
- **tryggja samþykki og skilning** allra innan stofnunarinnar áður en matið hefst.
- **sýna fram á að matsmenn séu sjálfum sér samkvæmir og hagi sér með fyrir-sjáanlegum hætti** við framkvæmd matsins.
- **gera sér ljóst og hafa samkomulag um hvenær er mikilvægt að gögn séu birt opinberlega** og hvenær er, með hliðsjón af þróun stofnunarinnar, hyggilegt að tiltekin gögn séu trúnaðarmál.
- **eiga opinská og heiðarleg samskipti við vinnufélaga** og gæta þess jafnframt að þau séu í samræmi við siðferðileg viðmið um sanngirni og jöfnuð.
- **leita ráða og/eða athuga kosti á að fá einhvern gagnrýninn félaga** til að vinna úttekt á hvort matsferlið uppfylli kröfur um stranga aðferðafræði og sanngirni.
- **ræða við samstarfsmenn á skiljanlegu máli** og fá þá til að taka þátt í umræðu um hvernig nýta megi upplýsingar og niðurstöður.

<sup>12</sup> Enski textinn liggur frammi á vef Bresku matssamtakanna, United Kingdom Evaluation Society <http://www.evaluation.org.uk/>.